

ÁRSSKÝRSLA
2012



Ritstjórn:

Tölfræðivinnsla og texti í tölfræðihluta:

Anna Þóra Kristinsdóttir sálfræðingur

Textahluti:

Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi og talskona Stigamóta

Hönnun kápu:

Sóley Stefánsdóttir

Mynd á kápu:

Kona sem stundað hafði vændi og nýtti sér

þjónustu Stigamóta

Prentun:

Guðjón Ó. Vistvæna prentsmiðjan.



Um ársskýrslur Stígamóta

Í þessari ársskýrslu segir frá 23. starfsári Stígamóta. Gerð er grein fyrir sjálfshjálparstarfinu, hugmyndafræðinni að baki starfinu og pólitískri samfélagsvinnu. Síðast en ekki síst eru teknar saman tölulegar upplýsingar ársins. Grunninn að skipulagðri gagnasöfnun lagði dr. Guðrún Jónsdóttir stofnandi Stígamóta. Þau tölulegu gögn sem safnað hefur verið, hafa reynst mikilvæg hjálpartæki við að greina umfang, eðli og afleiðingar kynbundins ofbeldis. Um textahlutann sá Guðrún Jónsdóttir talskona Stígamóta, en Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir verkefnisstýra í Kristínarhúsi skrifaði um Kristínarhús. Um tölulega samantekt sá Anna Þóra Kristinsdóttir sálfræðingur. Í gögnin hefur verið vitnað í mörgum þingmálum, fjölda skólaritgerða á öllum skólastigum, í blaðagreinum og fjölmiðlaumfjöllun auk þess sem þau eru okkur starfskonum Stígamóta leiðarljós við forgangsröðun pólitískra verkefna.

Efnisyfirlit	bls.
Stofnun og hugmyndafræði.....	3
Innra starfið	4
Sjálfs hjálparstarfið	6
Kristínarhús	8
Pólítískt samfélagsstarf.....	11
Alþjóðastarf	17
Tölulegar upplýsingar	23
Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður	31
Um ofbeldisverkin	34
Kærð mál	44
Fordómar og staðalímyndir	45
Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn	47
Aðstandendur	48

Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta



dr. Guðrún Jónsdóttir eldri, stofnandi Stígamóta

Hinn 8. mars árið 1989 á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins víðtæk samstaða um nokkurt mál meðal íslenskra kvenna. Forsaga þessarar samstöðu gegn kynferðisofbeldi var nokkurra ára starf ýmissa sjálfboðaliðahópa kvenna að þessum málum og höfðu þær forgöngu að ofangreindu samstarfi. Þessir hópar voru: Barnahópur Kvennaathvarfsins, Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, Kvennaráðgjöfin og Vinnuhópur gegn sífjaspellum. Hóparnir kynntu starfsemi sína á fjölmönnum baráttufundi sem haldinn var í Hlaðvarpanum 8. mars 1989. Á fundinum var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi.

Af áralöngu starfi sjálfboðaliðahópanna, sem minnst var á að ofan, var ljóst að spurningin var ekki hvort þörf væri fyrir frekari þjónustu fyrir þolendur kynferðisofbeldis heldur hvernig væri best hægt að mæta henni. Fyrsta verkefni samtakanna var því að koma á ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem höfðu verið beitt kynferðisofbeldi og byggja starfið á starfsreynslu og hugmyndafræði ofangreindra sjálfboðaliðahópa. Í kjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting til starfsins í fjárlögum ársins 1990. Stígamót, staðurinn þar sem stígar mætast, hóf síðan starfsemi sína 8. mars 1990.

Á enga er hallað þó tekið sé fram að dr. Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi hin eldri sé heilinn á bak við Stígamót. Hún hafði þekkinguna, eldmóðinn, hugmyndirnar og kraftinn til þess að hrífa með sér alla kvennahreyfinguna og skapa það einstaka úrræði sem Stígamót hafa orðið.

Nokkrar kenningar eru til um orsakir kynferðisofbeldis. Þær má flokka í þrjá aðalflokka. Fyrst er að nefna sálfræðilegar kenningar þar sem gert er ráð fyrir að skýringa sé að leita hjá einstaklingnum, bæði þeim sem beittur er ofbeldinu og þeim sem fremur það. Í öðru lagi eru fjölskyldukerfiskenningar. Í þeim kenningum er skýringa leitað í samskiptum fjölskyldunnar, allir fjölskyldumeðlimir eru ábyrgir fyrir ofbeldinu. Loks er að geta kynjafræðilegra kenninga um kynferðisofbeldi. Í þeim kenningum er skýringanna fyrst og fremst leitað í samfélagsgerðinni, þ.e. í valda- og stöðumismun milli karla annars vegar og kvenna og barna hins vegar.

Frá upphafi vega hefur starfið á Stígamótum byggst á hugmyndum kynjafræðinnar um kynferðisofbeldi. Þær kenningar falla best að reynslu þeirra sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og skýra jafnframt þá staðreynd að það eru, samkvæmt okkar tölum, fyrst og fremst karlar sem beita konur og börn kynferðisofbeldi. Samkvæmt þessum hugmyndum er kynferðisofbeldi ógnvænlegasta form kynjasamskipta.

Við lítum því svo á að þeir sem beita ofbeldinu noti það sem stjórnþæki til þess að ná valdi yfir fórnarlambi sínu. Sú kynferðislega fullnægja sem ofbeldismenn kunna að njóta er nokkurs konar hliðarbúgrein, markmiðið er ávallt að lítillækka, ráða yfir og hafa taumhald og vald yfir þeirri manneskju sem beitt er ofbeldinu. Áhrif og afleiðingar kynferðisofbeldis eru ekki aðeins tengdar þeim sem því eru beitt. Vitundin um þetta form ofbeldis hefur áhrif á upplifun allra kvenna á því hvað það er að vera kona og tilvist þess takmarkar einnig frelsi kvenna.

Innra starfið

Hugmyndafræðin að baki sjálfshjálparstarfinu

Kynjafræðilegar kenningar um kynferðisofbeldi skýra ekki aðeins orsakir þessa ofbeldis, þær marka einnig viðhorf og grunnildi í starfi með þeim sem því hafa verið beitt hvort heldur er í einstaklingsstarfi eða hópum. Feminísk viðhorf fela í sér þau megin gildi að líta ekki á þá sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi sem varnarlaus fórnarlömb eða sjúka einstaklinga heldur einstaklinga sem hafa lifað af ógnandi ofbeldi og búa þess vegna yfir miklum styrk. Jafnframt lítum við svo á að viðbrögð einstaklinga við kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á líf þeirra séu eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum. Vinnan á Stígamótum felst því í að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk, aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi en ekki sem persónulega vankanta. Jafnframt lítum við svo á að það fólk sem hingað leitar séu „sérfræðingarnir“. Það er að segja; enginn þekkir betur afleiðingar kynferðisofbeldis en sá sem því hefur verið beittur. Við leitumst því við að skapa jafnræðistengsl og nánd milli starfskvenna og þeirra sem leita aðstoðar. Leitast er við að endurspeglar þessar hugmyndir í öllu starfi Stígamóta, hvort heldur um er að ræða einstaklingsmiðaða ráðgjöf eða hópastarf.

Skipulag, starfshópur, leiðbeinendur og sjálfboðaliðar



Starfshópur Stígamóta árið 2012. Fremri röð: Þórunn Þórarinsdóttir, Guðný Halldórsdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir og Halldóra Halldórsdóttir. Aftari röð: Anna Þóra Kristinsdóttir, Anna Bentína Hermansen og Þóra Björt Sveinsdóttir.

Stígamót eru óformleg grasrótarsamtök kvenna og allir starfshættir markast af því. Áhersla er lögð á að starfsemi Stígamóta byggist á reynslu þeirra sem þangað leita, jafnframt er sóst eftir að starfskonur hafi sem besta menntun til þess að sinna starfi sínu. Aþyrgð í daglegu starfi deila starfskonur jafnt en þó hefur verkaskipting á meðal starfskvenna aukist á síðustu árum.

Starfskonur á árinu voru Anna Bentína Hermansen kynjafræðingur, Anna Þóra Kristinsdóttir sálfræðingur, Guðný Halldórsdóttir MA í félagsráðgjöf, Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi og talskona Stígamóta, Halldóra Halldórsdóttir myndmeðferðarfræðingur, Karen Linda Eiríksdóttir para- og

fjölskylduráðgjafi sem leysti af í sumarfríum, Þóra Björt Sveinsdóttir náms- og starfsráðgjafi, Þórunn Þórarinsdóttir kennari og Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir BA í mannfræði og verkefnisstýra Kristínarhúss. Steinunn var í hálfu starfi frá júnimánuði þar sem hún sinni vinnu að aðgerðaáætlun gegn mansali fyrir innanríkisráðuneytið. Þær Guðný og Þóra Björt bættust í starfshópinn í janúar.

Hópurinn nýtur handleiðslu Sæunnar Kjartansdóttur sálgreinis. Auk handleiðslu hennar eiga starfskonur kost á einkahandleiðslu hjá handleiðara að eigin vali. En fleiri komu að starfi Stígamóta en fastráðnar starfskonur. Um bókhald ársins sá Guðrún I. Bjarnadóttir. Ungt fólk tók að sér götukyninguá Stígamótum og söfnuðu mánaðarlegum styrktaraðilum. Þá hófst fjáröflun í gegnum úthringingar á haustmánuðum og stýrir Þórdís Gunnarsdóttir því starfi. Stefania Hrönn Guðrúnardóttir heldur utan um fjáröflun og skráningu á styrktaraðilum. Þar að auki lögðu leiðbeinendur og sjálfboðaliðar fram gífurlega mikilvægt vinnuframlag. Starfshópurinn vann framkvæmdaáætlun ársins að Sólheimum dagana 8.-9. febrúar, en auk þess var fræðsludagur á Stígamótum þann 11. apríl, þar sem línur voru skerptar og Steinunn Bergmann frá Barnaverndarstofu fræddi starfskonur um barnaverndarmál. Margrét Steinarsdóttir rifjaði upp með starfshópnum lagaumhverfi kynferðisbrota. Tveir starfsdagar í október fóru í skipulagningu, fræðslu og í frágang verkefna. En það var ekki bara vinna á Stígamótum, heldur líka gleði. Þannig héldu starfskonur, framkvæmdahópur, leiðbeinendur og sjálfboðaliðar Vorhátíð þann 25. maí, áður en leiðir skildu yfir sumarið.

Starfskonu Stígamóta Björg G. Gísladóttir til margra ára var haldið kveðjuhóf í lok ágúst og fyrrverandi samstarfsstarfskonum var að sjálsögðu boðið að taka þátt.



Sannkölluð vorhátíð

Framkvæmdahópur

Sérstakur framkvæmdahópur er skipaður fulltrúum leiðbeinenda í sjálfshjálparhópunum, fulltrúa sjálfboðaliða í Kristínarhúsi, ásamt fulltrúum starfskvenna og fulltrúa Kvennaráðgjafarinnar. Framkvæmdahópur tekur ákvarðanir í stefnumarkandi málum og hefur yfirsýn yfir og stjórn á fjármálum Stígamóta. Í framkvæmdahópi sátu á árinu þær Guðrún Jónsdóttir, Margrét Steinarsdóttir, Theódóra Þórarinsdóttir, Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Áslaug Hauksdóttir og Þóra Björt Sveinsdóttir.

Fjárhagslegur grundvöllur

Tekjur Stígamóta komu frá ríkinu, Reykjavíkurborg, nokkrum bæjar- og sveitarfélögum, fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum. Á milli Stígamóta og Velferðarsviðs Reykjavíkur hefur verið gerður þjónustusamningur. Auk þess var ráðist í fjáröflun, þar sem götukynginnar og símakynginnar buðu almennungi að styrkja Stígamót með mánaðarlegum áskriftum. Umfangsmikið starf sjálfboðaliða verður ekki metið til fjár. Við útgáfu ársskýrslu liggja ársreikningar fyrir.

Ótrúlegur velvilji og stuðningur úr ýmsum áttum!

Velvilji og stuðningur landsmanna við Stígamót er einstakur og án hans væri starfsemin ekki söm. Á árinu eignuðust þrjár konur í Kristínarhúsi börn og leitað var eftir barnabúnaði í gegnum facebook síðu Stígamóta. Viðbrögðin voru engu lík. Tekið var á móti börnunum okkar með mikilli ánægju og þau skorti hvorki falleg fót eða nokkuð það annað sem lítil börn þarfnast.

Margir einstaklingar hafa á hverju ári tekið það upp hjá sjálfum sér að styrkja Stígamót með mánaðarlegum framlögum.



Heimaprjónuð peysa

Þar að auki hafa Stígamót safnað mánaðarlegum styrktaraðilum sem hafa styrkt fjárhagslegan rekstrargrundvöll umfangsmikils starfs. Slíkur stuðningur lýsir fólki með fallegar hugsanir og mikla samfélagslega ábyrgð.

Samtök og fyrirtæki lögðu sitt af mörkum og má nefna Kvenfjélag Kaffibarsins, Garra heildverslun sem afhenti Stígamótum 350.000 kr. í stað þess að senda út jólakort og Landsbankann sem styrkti Stígamót um eina milljón. Fyrirtækið Actavis styrkti með 500.000 framlagi.

Feministafélagið styrkti Kristínarhús um 32.000 kr. Zontakonur hafa oft sýnt stuðning sinn við starfið í verki og Zontaklúbbur Reykjavíkur studdi Stígamót og Kristínarhús um hálfa milljón króna. Innanríkisráðherra greiddi fyrir öryggismyndavélar við Kristínarhús og Kvenfélagasambandið afhenti 204.000 kr. auk ungbarnahúfa fyrir litlu krílin okkar í Kristínarhúsi. Frá Norrænu ráðherranefndinni fengu Stígamót 100.000 danskar krónur til þess að stýra norrænni dagskrá á kvennanefndarfundum Sameinuðu þjóðanna árið 2013.



Götukynnar Stígamóta sumarið 2012

Ársskýrsla kynnt og opið hús á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars

Ársskýrslan var að venju kynnt þann 8. mars og fjölmiðlar gerðu henni góð skil. Þá eins og svo oft fyrr og síðar fylltust stofurnar af áhugasömum konum og körlum, tilbúnum að leggja sitt af mörkum til þess að gera Ísland að alvöru jafnréttisparadís. Um kvöldið var sameiginleg dagskrá kvennahreyfingarinnar í Iðno og talskona Stígamóta kynnti þar Kristínarhús.



Frá einum af mörgum fundum í kvennahreyfingunni á Stígamótum

Sjálfs hjálparstarfið

Einstaklingsmiðuð ráðgjöf

Stuðningur starfskvenna Stígamóta miðast ekki eingöngu við það fólk sem beitt hefur verið ofbeldi. Aðstandendur, svo sem foreldrar, makar og vinir, geta einnig fengið stuðning og ráðgjöf á Stígamótum óski þeir þess. Starfskonur Stígamóta veita ekki eingöngu persónulega ráðgjöf í formi viðtala. Umfangsmikið ráðgjafarstarf fer einnig fram, bæði í gegnum síma og tölvupóst.

Þegar fólk leitar fyrst til Stígamóta er því boðið upp á einkaviðtöl. Einstaklingsbundinn stuðningur við að ræða ofbeldið, rifja það upp og setja á það orð eru fyrstu skrefin í þá átt að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins sem og á sjálfsmynd og sjálfsvirðingu þeirra sem því eru beitt. Fólk sem leitar til Stígamóta ræður sjálft ferðinni, hve mikinn stuðning það vill og í hve langan tíma.

Margir velja að taka þátt í starfi sjálfshjálparhóps eftir einstaklingsviðtöl, en aðrir velja eingöngu einstaklingsbundna ráðgjöf. Leitast hefur verið við að koma til móts við fólk sem ekki á þess kost aðsækja þjónustuna. Þannig fóru starfskonur í Kvennafangelsið, heim til fatlaðra og í heimsókn á geðdeildir auk þess sem Stígamót buðu upp á viðtöl á Egilsstöðum og Sauðárkróki.

Um sjálfshjálparhópana

Frá upphafi hafa sjálfshjálparhópar verið mikilvægir í starfsemi Stígamóta. Boðið er upp á hópa fyrir konur sem beittar hafa verið sífjaspellum og nauðgunum en einnig hafa nokkrir karlahópar verið starfræktir. Í þessum hópum koma brotaþolar saman til að sækja sér styrk til þess að takast á við vandamálin sem rekja má til afleiðinga sífjaspella og nauðgana. Með þátttöku í hópstarfi er einangrun rofin og þátttakendur veita hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríkir í samskiptum þátttakenda og rauði þráðurinn í starfinu er sjálfstyrking. Hóparnir hittast 15 sinnum, í þrjá tíma í senn og þátttakendur skuldbinda sig til skyldumætingar.

Á árinu voru starfræktir 7 sjálfshjálparhópar, þar af einn svanaþópur fyrir konur sem stundað hafa vændi og vilja vinna úr afleiðingum þess. Leiðbeinendanámskeið var haldið dagana 28. – 30. september og var það vel sótt. Leiðbeinendur og aðstoðarleiðbeinendur á árinu voru þærGuðný Halldórsdóttir, Björg Sveinbjörnsdóttir, Tanja Valdimarsdóttir, Ásgerður Jóhannesdóttir, Anna Bentína Hermansen, Anna Þóra Kristinsdóttir og Sólveig Sigurðardóttir.

Um Svanaþópin



Dorit Otzen handleiðari Stígamóta í vændismálum

Anna Þóra Kristinsdóttir sálfræðingur ásamt fleiri Stígamótakonum starfrækti svokallaðan Svanaþóp hjá Stígamótum, eins og árið áður. Svanaþópurinn er hópur fyrir konur sem hafa verið í vændi eða eru í vændi og vilja komast út úr því. Hópurinn var byggður upp að danskri fyrirmynd en samskonar hópar eru starfandi í Danmörku og í Noregi.

Aðal markmiðið með hópnum var að styrkja sjálfstraust og vinna úr þeim afleiðingum sem vændi getur haft í för með sér. Bæði leiðbeinendur og þátttakendur voru einstaklega ánægðir með árangurinn.

Stígamót fyrir fólk utan höfuðborgarinnar

Verkefnið Stígamót á staðinn, sem hófst árið 2006 fólst í því að senda ráðgjafa Stígamóta fljúgandi, keyrandi og siglandi til fjarlæggra landshorna. Boðið var upp á reglubundna ráðgjöf og hurfu ráðgjafarnir svo í burtu með leyndarmálin. Alls staðar þar sem boðið var upp á slíka þjónustu komust færri að en vildu. Verkefnið lagðist af við efnahagshrunið 2008 en árið 2011 hófst endurreisnin. Þórunn Þórarinsdóttir starfrækti ráðgjafarþjónustu á Sauðárkróki fram á haust árið 2012 og rak sjálfshjálparhóp fyrir heimakonur á Króknum.

Í upphafi árs var jafnframt ákveðið að endurreisa starfið á austurlandi og tók Anna Bentína Hermansen að sér ráðgjafarstörf. Til þess að kynna þjónustuna og fræða um kynferðisofbeldi fór fríður hópur starfskvenna austur og hélt opinn kynningarfund fyrir almenning, lokaðan fund fyrir fagfólk auk þess sem kynning var haldin í Fjölbrautarskóla Austurlands. Jafnframt var starfsemin kynnt í útvarpi. Hefur þjónustan verið vel sótt og ljóst að mikil þörf var á þess konar starfsemi.

Þjónusta við konur í vændi

Í kynningum og í pólitísku starfi Stígamóta hefur verið lögð á það áhersla undanfarin ár að hvers kyns kaup og sala á fólki í klámiðnaði sé ein birtingarmynd kynbundins ofbeldis. Á Stígamótum hefur það verið sannreynt að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri niðurlægjandi og erfiðu ofbeldisreynslu sem vændi er. Stígamót auglýsa sérstaka símalínu fyrir fólk í kynlífsþjónustu til þess að undirstrika að hvers kyns verslun með konur er kynferðisofbeldi og að við bjóðum þennan hóp velkominn til okkar.

Þar að auki er boðið upp á þátttöku í sjálfshjálparhópi og búsetu í Kristínarhúsi athvarfi Stígamóta fyrir konur sem verið hafa í vændi eða seldar hafa verið mansali.

Börn og unglingar

Hjá Stígamótum fara ekki fram viðtöl eða annað starf með börnum nema mál þeirra hafi hlotið meðferð barnaverndaryfirvalda. Margir foreldrar, aðstandendur og fagfólk hringja þó og leita ráða um hvernig eigi að bregðast við hafi þau grun um að börn þeirra hafi verið beitt kynferðisofbeldi. Þeim er þá ávallt veitt ráðgjöf en bent á að hafa samband við viðkomandi barnaverndarnefnd, hringja í 112, hafa samband við Barnahús eða lögreglu. Þegar mál eru þekkt af barnaverndarstarfsfólki og/eða foreldrum eru börn og unglingar boðin velkomin til Stígamóta.

Kristínarhús 2012

Árið 2012 var fyrsta heila starfsár Kristínarhúss og var margt að læra, en nýjar áskoranir og verkefni komu stöðugt upp. Á árinu dvöldu 20 konur ásamt 9 börnum í húsinu og voru gistinætur kvenna samtals 1148. Nýtingin var góð, en í Kristínarhúsi er pláss fyrir fjórar til fimm konur í einu en þrjú herbergi voru fullnýtt allt árið og oft fleiri sem dvöldu í einu. Níu konur voru á aldrinum 18-29 ára, sjö voru 30-39 ára og tvær eldri en fimmtugt. Konurnar sem nýta sér þjónustu Kristínarhúss eru ýmist íslenskar eða erlendar, en á árinu 2012 voru það ellefu íslenskar konur og níu erlendar, allar frá annað hvort Austur-Evrópu eða Afríku.

Starfið með konunum

Kristínarhús er ætlað konum sem eru á leið úr vændi og/eða mansali og vilja fá tækifæri, rými og næði til að byggja sig upp á nýjan leik.

Af þeim 20 konum sem dvöldu á árinu voru 15 hér vegna vændis/mansals eða gruns um slíkt en fimm konur komu vegna annars kynferðisofbeldis. Í töflunni hér til hliðar má sjá yfirlit yfir þau áföll sem konurnar hafa orðið fyrir einhvern tímunn á lífsleiðinni en flestar hafa þær reynslu einnig af annars konar ofbeldi en vændi. Er það í takt við reynslu Stígamóta en flestar konur sem koma í viðtöl vegna vændis eiga sögu um annað kynferðisofbeldi, nauðganir eða sífjaspell áður en vændið hófst.

Athygli vekur að aðeins sex af þeim tuttugu konum sem dvöldu í Kristínarhúsi eiga ekki við neina fíkn að stríða, flestar hinna glímdu við áfengis- og vímuefnafíkn. Svo virðist sem tengslin milli fíknar, vændis og ofbeldis séu mjög sterk. Starfskonur víðuðu að sér fróðleik og þekkingu á fíkn og heimsóttu m.a. annars meðferðarheimilin Hlaðgerðarkot og Krýsuvík, áfangaheimilið Dyngjuna, göngudeild fíknisviðs á Landspítalanum og Konukot. Reyndist það mjög gagnlegt að tengjast þessum úrræðum og læra af þeirra áralöngu reynslu af því að vinna með áfengis- og vímuefnafíkn. Kristínarhús er fyrst og fremst staður til þess að vinna með afleiðingar vændis, mansals og annars konar kynferðisofbeldis og reynum við því að eiga sem best samstarf við meðferðarúrræði á sviði fíknar til aðstoða konurnar á heildstæðan hátt.

	Fjöldi
Sífjaspell	6
Nauðgun	13
Nauðgunartilraun	2
Vændi/mansal	12
Grunur um vændi/mansal	3
Kynferðisleg áreitni	1
Andlegt ofbeldi	5
Líkamlegt ofbeldi	4
Ofsóknir ofbeldismanns	4
Annað	1

Í Kristínarhúsi er reynt eftir fremsta megni að styðja og styrkja konurnar, allt frá því að aðstoða þær við daglegt líf, hjálpa þeim á vegferð sinni í gegnum hin ýmsu kerfi samfélagsins s.s. varðandi löglega dvöl ílandinu, heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu og fjárhagsaðstoð og vinna úr afleiðingum ofbeldis. Starfskonur í Kristínarhúsi hjálpa til við aðlögun að íslensku samfélagi og samskipti við alls konar fagaðila, aðstoða konurnar að takast á við móðurhlutverkið og koma á nýrri rútinu í lífinu. Einnig fá allar konur viðtöl við ráðgjafa á Stígamótum og hjálp við að taka þátt í öðrum virkni úrræðum.

Börn í Kristínarhúsi

Á árinu dvöldu níu börn í Kristínarhúsi ásamt mæðrum sínum. Sum þessara barna eru af erlendum uppruna og hafa verið á miklu flakki milli landa ásamt mæðrum sínum.

Ef til vill var það stærsta og óvæntasta áskorunin við stofnun Kristínarhúss að gæta hagsmuna barnanna í aðstæðum sem ekkert barn ætti að þurfa að upplifa. Mæðurnar hafa margar þurft að þola ofbeldi og mikil áföll og eru því illa í stakk búnar til að sinna þörfum barna sinna.

Starfskonur í Kristínarhúsi hafa gert sitt besta til að búa í haginn fyrir þessi börn sem upplifa oft vanrækslu og rótleysi, bæði með því að búa þeim öruggt umhverfi og eins með því að vinna með Barnavernd Reykjavíkur að því að tryggja þeim góðar aðstæður.

Börn íslenskra mæðra komu oftast í reglulega umgengni en dvelja yfirleitt ekki með þeim alla daga. Mörg þessara barna hafa einnig upplifað ofbeldi og þurfa á sérstökum stuðningi að halda.



Lítill íbúi í Kristínarhúsi

Sjálfbóðaliðar



Sjálfbóðaliðafundur

Kristínarhús hefur notið krafta fjölda sjálfbóðaliða sem hafa gert Stígamótum kleift að halda úti athvarfinu. Allir sjálfbóðaliðar sækja fimm kvöld námskeið áður en þeir hefja störf þar sem farið er yfir ýmis gagnleg atriði varðandi starfið. Haustið 2012 var í annað sinn haldið námskeið fyrir sjálfbóðaliða og sóttu nú tæplega 30 konur námskeiðið. Dagskrá námskeiðsins má finna hér að neðan.

Sjálfbóðaliðarnir manna allar kvöld- og helgarvaktir og sinna ómetanlegu starfi með konunum sem dvelja í Kristínarhúsi. Hlutverk sjálfbóðaliða er að vera til staðar, ljá eyra og

veita konunum stuðning auk þess að virkja þær og styrkja. Sjálfbóðaliðar gæta einnig öryggi hússins, fylgjast með því að húsreglum sé framfylgt og svara í síma.

Mánaðarlega eru haldnir sjálfbóðaliðafundir þar sem sjálfbóðaliðar koma saman í Kristínarhúsi, borða súpu og ræða hvernig starfið gengur. Þar eru tilkynntar nýjungar í starfsemi, t.d. handbók sjálfbóðaliða sem gefin var út á árinu, auk þess sem allar fá tækifæri til að fara yfir bæði ánægjulegar stundir sem og áskoranir sem upp hafa komið á vöktunum. Sjálfbóðaliðarnir hafa tekið að sér ýmis hlutverk t.d. að halda í höndina á konum í fæðingu, aðstoða þær erlendu við að kynnast íslensku samfélagi, passa börn, fylgja þeim í kirkju og á kaffihús, fara með á AA fundi og halda listasmiðjur svo eitthvað sé nefnt.

Sjálfbóðaliðar eru mikilvægur partur af starfseminni og eiga sinn fulltrúa í framkvæmdahópi Stígamóta. Núverandi fulltrúi er Áslaug Hauksdóttir og hennar varakona er Margrét Pétursdóttir.

Dagskrá námskeiðs fyrir sjálfbóðaliða Kristínarhúss

Miðvikudagur 29. ágúst kl. 17:30-19:30

Vændi í viðu samhengi – Guðrún Jónsdóttir

Tengsl vændis og kynferðisofbeldis annars vegar og tengslin á milli kláms, vændis og mansals hins vegar. Hvernig óhjákvæmilegt var að Stígamót bættu þessum birtingarformum ofbeldis á verkefnalistann. Hvernig virkar ferli mansalsmála á Íslandi? Lög um klám og vændi.

Mánudagur 3. September kl. 17:30-19:30

Vændi: Hverjar eru birtingamyndir og afleiðingar þess og hvernig mætum við konum með reynslu af vændi– Anna Þóra Kristinsdóttir og Þórunn Þóransdóttir

Anna Þóra og Þórunn eru báðar ráðgjafar á Stígamótum og hafa unnið með fjölmörgum konum sem hafa verið í vændi. Þær munu deila reynslu sinni og fara yfir hinar margvíslegu félagslegu, sálrænu og líkamlegu afleiðingar vændis. Auk þess munu þær fjalla um hvernig þessar afleiðingar geta birst í starfinu í Kristínarhúsi og hvað þarf að hafa í huga varðandi samskipti.

Fimmtudagur 6. September kl. 17:30-19:30

Fíkn og geðraskanir: Reynslan úr Kristínarhúsi-Anna Bentína Hermansen og Þóra B. Sveinsdóttir

Anna Bentína og Þóra starfa báðar sem ráðgjafar á Stígamótum og munu saman fjalla um reynslu sína og þekkingu á sviði fíknar og geðraskana. Þóra er einnig starfskona Kristínarhúss og hefur starfað náið með konunum og deilt verður reynslusögum úr athvarfinu. Þær munu fjalla um tengsl á milli fíknar, geðraskana, vændis og kynferðisofbeldis og segja reynslusögur úr Kristínarhúsi. Fjallað verður um einkenni og atferli kvenna í neyslu, úrræði sem eru í boði, bataferlið, afleiðingar, markmið og sjálfsvíg.

Miðvikudagur 12. September kl. 17:30-19:30

Starfið í athvarfinu - Guðrún Jónsdóttir

Samstarfið og samskipti við íbúa athvarfsins, öryggi, reglur, mörk og virðing. „Skilin á milli hinna verðugu og óverðugu“. Jafnframt verða settar upp erfiðar aðstæður og farið yfir hvernig megi takast á við þær.

Mánudagur 17. September kl. 17:30-19:30

Sjálfbóðaliðar: Praktísk mál og starfsumhverfi. Vaktir og væntingar - Þóra B. Sveinsdóttir og Guðný Halldórsdóttir

Farið verður í Kristínarhúsi og skoðuð öll aðstaða. Umræða og upplýsingar um hvernig vöktum og daglegu lífi í athvarfinu verður háttað.

Samstarf við stofnanir og félög

Á árinu höfum við átt gríðarlega mikið samstarf við hinar ýmsu stofnanir samfélagsins þar sem þær konur og börn sem hjá okkur dvelja hafa þurft þjónustu og aðstoð af ýmsum toga. Má þar nefna: Útlendingastofnun, Lögregluna á Höfuðborgarsvæðinu, Lögregluna á Suðurnesjum, velferðarráðuneytið, innanríkisráðuneytið, Barnaverndarstofu og nokkrar barnaverndarnefndir, Velferðarsvið Reykjavíkuborgar sérstaklega Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Heilsugæsluna í Miðbæ, kvennadeildir og geðdeildir Landspítala Háskólasjúkrahúss, Konukot, Reykjavíkurdeild Rauða krossins og fleiri. Starfskonur í Kristínarhúsi og á Stígamótum hlakka til áframhaldandi samvinnu við alla þessa aðila í þágu þeirra kvenna sem hjá okkur dvelja.

Flestar konur sem koma í dvöl í Kristínarhúsi er hefur verið vísað til okkar af samstarfsaðilum. Þær eiga yfirleitt í samskiptum við lögreglu, félagsþjónustu eða heilbrigðiskerfið og starfsfólk þar hefur samband við Kristínarhús með mögulega dvöl í huga fyrir konuna og börnin. Í einstaka tilfellum hafa konurnar sjálfar samband við Stígamót og/eða Kristínarhús.

Stuðningur við starfið



Guðný undirbýr fæðingu barns í Kristínarhúsi

Frá því Kristínarhús var sett á laggirnar hefur það notið gríðarlega mikils stuðnings frá almenningi. Á þessu starfsári var mikið fjör í húsinu og eignuðust nokkrar konur börn meðan á dvöl þeirra stóð. Það var sem við manninn mælt, þegar tilkynning fór út á samfélagsmiðla um að það vantaði allt sem nýfædd börn þarfnast, að Stígamótum bárust fót í tonnavís, kerrur, vagnar, bílstólar og skiptiborð svo eitthvað sé nefnt. Stjórnvöld hafa einnig stutt dyggilega við starfið. Ríkisstjórnin veitti 15 milljónum króna á aukafjárlögum til Kristínarhúss til að hægt væri að reka úrræðið með sóma. Innanríkisráðuneytið veitti 6 milljón krónastyrk til þess að standa straum af kostnaði við þjónustu við möguleg fórnarlömb mansals.

Þá veitti innanríkisráðuneytið einnig styrk að verðmæti kr. 700.000 til þess að setja upp öryggismyndavélakerfi svo hægt væri að uppfylla öll skilyrði um öryggi hússins og íbúa þess. Reykjavíkurborg lagði líka til fjármagn.

Fjölmargir aðrir aðilar hafa stutt starfið. Mæðrastyrksnefnd gaf vikulega matargjöf um margra mánaða skeið í athvarfið, Elko gaf nýjan og glæsilegan ísskáp, Oddfellowstúkan Þorfinnur Karlsefni gaf eldhústæki og fleiri muni í innbúið og einstaklingar hafa gefið peningagjafir sem hafa ýmist farið í virkni- og tómstundasjóð dvalarkvenna í Kristínarhúsi eða gengið upp í kaup á nauðsynlegum heimilistækjum.

Pólitískt samfélagsstarf



Markmið Stígamóta hafa frá upphafi verið tvíþætt. Annars vegar að bjóða upp á þjónustu við fólk sem beitt hefur verið ofbeldi og hins vegar að gera það sem hægt er til þess að stöðva ofbeldi, auka fræðslu, bæta lagaumhverfi og bæta úrræði fyrir brotþola.

Fræðsla og fyrirlestrar



Alla tíð hefur fræðsla og fyrirlestrar verið mikilvægur þáttur í starfseminni og þannig var það líka á síðasta ári. Nemendur framhaldsskólanna eru áhugasamir um kynferðisofbeldi og fjöldi fyrirlestra var haldinn fyrir þennan hóp. Má nefna fræðslu á jafnréttisdögum MK, kynningu fyrir 60 krakka á forvarnardögum í FB, opinn fræðslufund í ME, fræðslu um nauðganir fyrir nemendur úr Fjölbautarskóla Suðurnesja, fræðsla fyrir sjúkraliðahópinn í Fjölbaut í Ármúla, auk fræðslu fyrir krakka úr Borgarholtsskóla og tvo hópa úr FB og tvo hópa úr MH. Auk þessara hópa sótti fjöldi nemenda sér fræðslu hjá Stígamótum vegna eigin verkefna og skrifna.

Háskólarnir voru líka virkir og má nefna hóp frá Menntavísindasviði HÍ, fyrirlestur fyrir læknanema um vændi og ofbeldi auk fyrirlestra fyrir nemendur alþjóðlega jafnréttiskóla Sameinuðu þjóðanna. Tveir hópar hjúkrunarfræðinema fengu fyrirlestra um ofbeldi og laga- og afbrotafræðinemar við HR fræddust um vændi. Þá fékk Jafningjafraeðslan árlegan fyrirlestur um ofbeldi.

Nauðsynlegt er að nefna líka eina 20 stúdenta frá ýmsum háskólum sem óskuðu eftir fræðslu og viðtölum vegna rannsókna og ritgerðasmíða. Kvennasmiðjan heimsótti Stígamót og það gerðu líka kennarar úr Kvennaskólanum í Reykjavík. Starfskonur fræddu einnig fólk sem var í meðferð í Hlaðgerðarkoti. Sérstaklega ber að nefna að Hugrún Linda Guðmundsdóttir meistaranemi í félagsráðgjöf var í 5 vikna starfsþjálfun á Stígamótum.

Starfskonur Stígamóta fluttu líka marga fyrirlestra hjá öðrum félagasamtökum og samstarfsaðilum. Eyrún Jónsdóttir verkefnisstýra neyðarmóttöku vegna nauðgana heimsótti Stígamót með hjúkrunarfræðinga og fleiri til þess að fá fræðslu fyrir sitt fólk. Má nefna fræðslu fyrir ljósmæður hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (ca. 20 manns), fyrir félagið Fjallkonur og starfskonur RKÍ. Haldið var erindi í Iðnó 8. mars á vegum kvannahreyfingarinnar, erindi á Norrænni ráðstefnu Kvenfélagasambanda og á landsráðstefnu Kvenfélagasambands Íslands. Steinunn sat í pallborði á ráðstefnu um vændi og mansal og hún skaust norður á Akureyri og kynnti Kristínarhús. Jafnframt fór fram kynning í Kristínarhúsi fyrir fagaðila og um 20 manns nýttu sér það. Þar að auki var Kristínarhús sérstaklega kynnt hjá Kvenréttindafélaginu þann 19. júní. Talskona Stígamóta hélt námskeið fyrir samstarfshóp um utangarðsfólk. Anna Bentína hélt erindi um konur og fíknog annan hjá SÁÁ um konur, fíkn og ofbeldi.

Listahópurinn Kviss, búmm, bang óskaði eftir samstarfi við Stígamót um uppsetningu leikverks um vændi. Stígamótakonur með reynslu af vændi tóku þátt í að vinna sýninguna og nýttu reynslu sína og þekkingu til þess að varpa ljósi á ofbeldið. Í tengslum við sýninguna og alþjóðlegu leiklistarhátíðina LÓKAL tók Þórunn Þórarinsdóttir þátt í pallborðsumræðum um vændi.

Umfangsmikil fræðsla var haldin fyrir götukynna Stígamóta til þess að tryggja að þau væru upplýst í störfum sínum. Haldið var árlegt leiðbeinendanámskeið á Stígamótum og fimm kvöldu fræðslunámskeið fyrir nýja sjálfboðaliða í Kristínarhúsi.

Ýmsir erlendir gestir sóttu landið heim og óskuðu eftir fræðslu. Má nefna sænska sósíaldemókrata sem heimsóttu Stígamót, starfsfólks norsks kvennaathvarfs, lögreglufólk frá Eistlandi sem fékk erindi um mansal og sænska athvarfið Perluna.

Jafnramt fræddu erlendir gestir og samstarfsaðilar okkar fólk. Þannig boðuðu Stígamót til opins fundar um mansal og vændi þar sem þær Mildrid Mikkelsen stjórnandi Rosa verkefnisins í Noregi og Dorit Otzen hjá EXIT í Danmörku fluttu erindi ásamt starfskonum Stígamóta.

Heimsóknir til Stígamóta

Fjölmarginir heimsóttu Stígamót á árinu til skrafs og ráðagerða. Má nefna þær Heru og Iðunni frá Velferðarvaktinni í Reykjanesbæ, starfskonur Rauða krossins til þess að fræðast um konur í vændi, Sólveig Arnarsdóttir og fleiri leikkonur vegna leikverks sem þær vildu fá ráð með, fulltrúar frá Bandaríska sendiráðinu heimsóttu Stígamót tvisvar. Fulltrúar Frumkvöðlasetsins í Baskahéruðum Spánar heimsóttu Stígamót og það sama gerði Simon Turner frá Stop the Traffick.

Útgáfa bæklinga



Þann 8. mars voru endurútgefnir ítarlegir bæklingar Nauðganir og Kynferðisofbeldi gegn börnum. Bæklingarnir eru hvor um sig um 50 síður.

Upphaflega voru þeir skrifaðir af dr. Guðrúnu Jónsdóttur eldri, stofnanda Stígamóta, en sem betur fer hafa orðið breytingar á lagaumhverfi og þjónustuúrræði hafa líka breyst, svo full þörf var á að uppfæra þá. Í þeim er rætt um afleiðingar ofbeldisins, aðstoð við þau sem beitt hafa verið ofbeldi, meðferð í réttarkerfinu og ýmis úrræði. Bæklingana má nálgast hjá Stígamótum .

Þátttaka í nefndum og ráðum ásamt öðru samstarfi

Með árunum hefur samvinna við stjórnvöld og aðra aðila aukist mjög og er það af hinu góða. Má nefna að Stígamót eiga ásamt Kvennaathvarfinu einn fulltrúa í Jafnréttisráði. Þetta árið átti Stígamót varafulltrúann, sem þó tók þátt í starfinu með því m.a. að taka þátt í stefnumótunardegi ráðsins.

Í Sérfræði- og samhæfingarteymi gegn mansali áttu sæti fulltrúar þeirra stofnana og samtaka sem koma beint að mansalsmálum. Talskona Stígamóta og verkefnisstýra Kristínarhúss, Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir sóttu þessa fundi, en teymið var lagt niður í lok ársins þegar aðgerðaáætlun gegn mansali rann úr gildi. Við yfirstandandi vinnu að nýrri aðgerðaáætlun hafa verið haldnir nokkrir samráðsfundir í innanríkisráðuneytinu um málaflokkinn og sérstakur aðgerðamótunardagur var árangursríkur.

Í mörg ár hefur Stígamótum boðist að eiga fulltrúa í íslensku sendinefndinni á kvennanefndarfundum Sameinuðu þjóðanna í New York. Til að byrja með var kostnaður greiddur en það breyttist eftir bankahrunið. Myndast hefur traust og góð samvinna við starfsfólk utanríkis- og velferðarráðuneyta. Talskona Stígamóta, stoppaði stutt við í New York að þessu sinni, en sótti fundi með sendiherranum og tók þátt í umræðum um starfið í strjálbýli.

Samstarfsfundir voru haldnir með Steinunni Bergmann, fulltrúa Barnaverndarstofu og með Elísabetu Karlsdóttur framkvæmdastjóra Rannsóknarstofnunar um barna og fjölskylduvernd. Jafnframt beittu Stígamót sér fyrir samráði við Barnaverndarstofu, Barnavernd Reykjavíkur og innanríkisráðuneytið um barnaverndarmál í Kristínarhúsi og komu á verkferlum í slíkum málum.

Sérlegur vinur Stígamóta Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, veitti dýrmæt fagleg ráð og þáði jafnframt heilmikla aðstoð frá Önnu Þóru Kristindsdóttur til þess að vinna úr tölfræðigögnum og móta framtíðarstefnu í ofbeldismálum.

Talskona Stígamóta ásamt fleiri starfskonum tóku þátt í hinum ýmsu samráðsfundum í innanríkis-, utanríkis- og í velferðarráðuneytunum. Starfskonur tóku þátt í samráðsfundum um klám og um ofbeldi almennt. Samstarf við alþingi var nokkuð og var talskona Stígamóta m.a. boðuð á fund allsherjar- og menntamálanefndar til þess að ræða stefnumótun í ofbeldismálum.

Samstarf við fulltrúa ráðuneyta, borgarstofnanna og við pólitíska fulltrúa bæði í borgarstjórn og á alþingi var gott og nauðsynlegt ef þoka á málum í rétta átt.

Viðurkenningar Stígamóta 2012



Viðurkenningarhafar: Hildur, Vilborg fyrir Kviss búmm bang, Hanna Björg, Halla Kristín, Jóhanna, Björk og Erla

Árið 2012 veittu Stígamót bæði alþjóðlega viðurkenningu, hugrekisviðurkenningar, jafnréttisviðurkenningar og frumleikaviðurkenningu. Fátt þykir Stígamótakonum skemtilegra en að lyfta upp í ljósið því sem vel hefur verið gert til þess að koma á kynjajafnrétti og til þess að binda endi á kynbundið ofbeldi. Stundum eru það óþekktar konur sem unnið hafa þrekvirki, en líka þekktari konur sem eiga miklar þakkir skildar. Hér fer á eftir listi yfir viðurkenningarhafa, ásamt rökstuðningi fyrir því að þær voru verðlaunaðar. Þetta var fimmti hópurinn sem Stígamót hyllti, en Liz Kelly prófessor fékk sína viðurkenningu þegar hún heimsótti landið í janúar.

Alþjóðleg viðurkenning Stígamóta 2012

Liz Kelly

Það er einstaklega mikilvægt fyrir Stígamót að vera í góðu sambandi við alþjóðlegu kvennahreyfinguna og bestu sérfræðingana í kynferðisbrotamálum. Í mörg ár hefur Liz Kelly prófessor verið virt og þekkt í alþjóðahreyfingunni. Hún hefur lengi verið nán vinkona Stígamóta. Hún hefur hvatt okkur, frætt okkur og verið okkur mikilvæg uppspretta hugmynda. Hún hefur dýpkað skilning okkar á nauðgunum og öðrum birtingarmyndum kynferðisofbeldis og þannig gert okkur betri í starfi okkar. Einstök lagni hennar við að byggja brýr á milli femínista, stjórnvalda og fagfólks er sérlega þýðingarmikil. Fyrir hönd þeirra 6000 brotþola nauðganna og sífjaspellaseð leitað hafa til Stígamóta þökkum við fyrir ómetanlegar rannsóknir hennar og femínískt starf.



Frá veitingu alþjóðaviðurkenningarinnar; Liz Kelly er 6. frá hægri

Hugrekki viðurkenning Stígamóta árið 2012

Björk Eiðsdóttir

Á Íslandi hefur það kostað mikla vinnu að koma vændi og mansali í opinbera umræðu, fá ósómman viðurkenndan og að fá stjórnvöld til þess að bregðast við. Björk tók viðtal fyrir Vikuna, við konu sem lýsti raunveruleikanum á bak við sakleysislegt yfirborð klámbúllu. Björk var kærð fyrir meiðyrði og dæmd í Hæstarétti. Ótrúleg afskræming réttlætis í réttaríkinu Íslandi og til þess fallið að þagga niður í þeim sem þekkingu hafa á undirheimunum.

Björk sýndi bæði hugrekki og þrautseigju með því að una ekki óréttinum, heldur leita til Mannréttindadómstóls Evrópu, þar sem dómnum var hnekk og hún fékk uppreisn æru. Frábært og hvetjandi fordæmi og fyrir vikið á Björk heiður skilinn.

Hugrekki viðurkenning Stígamóta árið 2012

Erla Hlynsdóttir

Á Íslandi hefur það kostað mikla vinnu að koma vændi og mansali í opinbera umræðu, fá ósómman viðurkenndan og að fá stjórnvöld til þess að bregðast við. Erla skrifaði grein og tók viðtal um átök klámkóna og orðróm um mafutengsl sem leiddi til þess að hún var kærð fyrir meiðyrði og dæmd fyrir skrif sín og fékk ekki að áfrýja dómnum til Hæstaréttar. Ótrúleg afskræming réttlætis í réttaríkinu Íslandi og ekki hvetjandi fyrir annað fjölmiðlafólk að skrifa um málaflökkinn.

Erla sýndi bæði hugrekki og þrautseigju með því að una ekki óréttinum, heldur leita til Mannréttindadómstóls Evrópu, þar sem dómnum var hnekk og hún fékk uppreisn æru. Frábært fordæmi sem vonandi verður til þess að fleiri voga sér að tala opinskátt um klámbúllur og glæpagengi.

Hugrekki- og viðurkenning Stígamóta árið 2012

Halla Kristín Einarsdóttir

Saga íslenskra kvenna og kvennabaráttu hefur lengi verið vanrækt og lítt þekkt. Hefðbundin Íslandssaga og mannkynssaga hefur gjarnan verið skrifuð af körlum um karla.

Kvikmyndagerð Höllu Kristínar er til þess fallin að breyta þessu. Hún gerði myndina Konur á rauðum sokkum um Rauðsokkahreyfinguna. Hún gerði líka heimildamynd um Norrænar konur gegn ofbeldi án þess að hafa til þess nokkuð fjármagn. Hún hefur verið með kvikmyndavélina á lofti á mörgum þeim uppkomum sem konur hafa staðið fyrir undanfarin ár og bjó til dásamlegt skot um Kvennaverkfallið árið 2010 sem yljár íslenskum konum um hjartaræturnar og fær erlendar konur til þess að súpa hveljur yfir samstöðu og róttækni íslenskra kvenna. Fyrir að standa þessa mikilvægu vakt á Halla Kristín heiður skilinn.

Jafnréttisviðurkenning Stígamóta árið 2012

Hanna Björg Vilhjálmsdóttir

Hanna Björg er frumkvöðull í kennslu kynjafræða fyrir ungt fólk á Íslandi. Hún hefur kennt valáfanga í kynjafræði við Borgarholtsskóla í 5 ár við miklar vinsældir auk þess að vera eftirsóttur fyrirlesari fyrir kennara sem vilja sinna jafnréttisfræðslu. Nemendur Hönnu hafa sjálfir gefið besta vitnisburðinn um árangurinn en þau segjast meðal annars hafa snúið frá karlreimbulegum viðhorfum, upplifa sig sem sterkari einstaklinga og óska þess að hafa byrjað að læra kynjafræði fyrir.

Hanna Björg hefur einmitt verið í fararbroddi þeirra sem berjast fyrir því að lögum um jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum séu virt og þeim fylgt eftir. Með bros á vör og gleði hjálpar Hanna nemendum sínum, kennurum, skólastjórnendum og yfirvöldum menntamála að setja upp kynjagleraugun og sjá kynjaskekkjuna. Fyrir þetta mikilsverða framlag til jafnréttisbaráttunnar á Hanna Björg heiður skilinn.

Hugrekki- og viðurkenning Stígamóta árið 2012

Hildur Lilliendahl Viggósdóttir

Baráttukonan Hildur hefur hvað eftir annað brotið þær hefðir og venjur sem segja til um það hvað konum er leyfilegt. Hún hefur hispurslaust rætt um sín hjartans mál án þess að skeyta um hávær mótmæli varðhunda óbreytts ástands.

Verkefni hennar „Karlar sem hata konur“ sem er samantekt um kvenfyrirlitningu í netheimum er einstaklega frumlegt og afhjúpanði. Það snýst um það eitt að draga fram í dagsljósið þá sem virðast vilja konum illt og orðrétt ummæli þeirra. Fyrir það eitt að gerast boðberi válegra tíðinda hefur Hildur mætt hatrammi og ósanngjarnri andstöðu. Fyrir hugrekki sitt og þrautseigju á Hildur heiður skilinn.

Hugrekki- og viðurkenning Stígamóta árið 2012

Jóhanna Sigurðardóttirforsætisráðherra

Stígamót voru stofnuð árið 1990 í félagsráðherratið Jóhönnu Sigurðardóttur. Það var meðal annars fyrir hennar skilning og fjárhagslegan stuðning sem gerlegt var að setja starfsemina í gang og æ síðan hefur hún sýnt baráttunni gegn kynferðisofbeldi skilning og margvíslegan stuðning.

En Stígamót vilja ekki síður heiðra forsætisráðherra fyrir þann kjark og það þor að stýra landinu fyrst kvenna og það við erfiðustu aðstæður í minnum okkar kynslóðar. Forsætisráðherra hefur alltaf notið persónulegs trausts langt út fyrir raðir eigin flokks og skapað sér virðingu fyrir óeingingjarnt starf, heilindi og óbilandi baráttuþrek. Með framgöngu sinni hefur Jóhanna Sigurðardóttir orðið að mikilvægri fyrirmynd fyrir stelpur og konur og fyrir það á hún þakkir skildar.

Frumleikaviðurkenning Stígamóta 2012

Framandverkaflokkurinn Kviss Búmm Bang

sem samanstendur af þeim Evu Björk Kaaber, Evu Rún Snorradóttur og Vilborgu Ólafsdóttur

Framandverkahópurinn Kviss Búmm Bang setur spurningamerki við allt, bæði það sem þykir eðlilegt og óeðlilegt. Þannig gerast breytingar – með því að efast og leyfa sér að hugsa hvernig samfélagið gæti verið öðruvísi. Kvissurnar stíga skrefinu lengra og setja í leikverkum sínum upp aðstæður þar sem fólk fær að upplifa annan veruleika en sinn eigin.

Í haust setti Kviss Búmm Bang ásamt Aðalbjörgu Árnadóttur upp verkið Downtown 24/7 í samstarfi við Svanahóp Stígamóta en í honum eru konur sem hafa reynslu af vændi. Þannig leyfðu Kvissurnar og Aðalbjörg röddum kvenna að heyrast sem venjulega eru þaggaðar og jaðarsettar. Líðan kvennanna, afleiðingum vændisins og veruleika þess var lýst á áhrifaríkan og sannfærandi hátt. Fólkið sem kom til að sjá sýninguna tók raunverulegan þátt og fékk tækifæri til að setja sig í spor kvenna í vændi. Fyrir þessa frumlegu nálgun og framlag til samfélagsbreytinga eiga Kviss Búmm Bang og Aðalbjörg heiður skilinn.

Eftirmiðdagskaffi hjá Stígamótum

Það er hefð fyrir því á Stígamótum að bjóða mikilvægum samstarfsaðilum í eftirmiðdagskaffi til skrafs og ráðagerða. Á árinu var boðið til þriggja slíkra kaffiboða.



Innanríkisráðherra á Stígamótum

verði kynnt, áhyggjuefni reifuð og beinar tillögur um aðgerðir hafa verið lagðar á borð. Engir fjölmiðlar hafa haft aðgang að þessum fundum og umræður hafa átt sér stað í fullri vinsemd.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra heimsótti Stígamót með fríðu föruneyti þann 23. apríl. Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra mætti þann 2. maí og þann 25. október heimsóttu borgarfulltrúar velferðarráðs og borgarráðs Stígamót. Við þetta má bæta að talskona Stígamóta átti klukkustundar langan fund með forsætisráðherra þann 22. júní um bráðnaðsynleg stefnumál.

Fáar leiðir hafa skilað meiri árangri í pólitísku starfi en bein samtöl við valdhafa þessa lands. Þar sem starf Stígamóta hefur verið kynnt, áhyggjuefni reifuð og beinar tillögur um aðgerðir hafa verið lagðar á borð. Engir fjölmiðlar hafa haft aðgang að þessum fundum og umræður hafa átt sér stað í fullri vinsemd.

Fjölmiðlar



Kastljósþættir undirbúnir

Fjölmiðlar eru mikilvægir samstarfsaðilar okkar í vinnunni gegn kynferðisofbeldi. Á árinu áttu Stígamót í heilmiklum samskiptum við fjölmiðla. Bæði ljósvaka og dagblöð. Einnig var nokkuð um viðtöl við erlenda blaðamenn sem eru forvitnir um jafnréttisparadísina svokölluðu á Íslandi. Hægt er að fletta upp viðtölum og greinum á netinu, en sérstaklega viljum við benda á tvo vandaða Kastljósþætti Jóhannesar Kr. Kristjánssonar um mansal. Í þáttunum var rætt við konur í Kristínarhúsi, starfskonur og erlendu samstarfsaðilana okkar í Danmörku og í Noregi. Þættina má skoða á netinu undir tenglunum <http://www.ruv.is/sarpurinn/kastljjos/27112012-1> <http://www.ruv.is/sarpurinn/kastljjos/28112012-1>

Alþjóðastarf

Alþjóðastarf Stígamóta hefur undið utan á sig undanfarin ár. Verkefnum hefur fjölgað og samstarf aukist. Á Stígamótum þykir það mikils virði að fylgjast vel með því sem best er gert og vera með puttann á púlsinum. Hér á eftir verða helstu verkefni ársins rakin.

Formlegt samráð norrænna systursamtaka um mansal

Á haustdögum beittu Stígamót sér fyrir formlegu samstarfi þeirra systursamtaka í Noregi og í Danmörku sem veita mansalskonum þjónustu. Fyrsti fundur var haldinn á Íslandi dagana 18.-20. nóvember. Mildrid Mikkelsen frá Rósaverkefninu í Noregi og Dorit Otzen fráEXIT í Danmörku komu til Íslands og fundarhöld voru stíf. Báðar búa þær yfir dýrmætri þekkingu og reynslu um mansal sem nýtist mjög vel í Kristínarhúsi.

Haldinn var opinn og vel sóttur fræðslufundur þann 19. nóvember. Teknir voru upp tveir Kastkjóspættir um mansal og lagt var á ráðin um þjónustu og pólitískt starf. Næsti fundur er áætlaður í Færeyjum í haust.



Mildrid og Dorit á Stígamótum

Heimildamynd um Norrænar konur gegn ofbeldi

Norræna kvennaathvarfahreyfingin hefur nú haft með sér blómlegt samstarf síðan árið 1994. Stígamót höfðu frumkvæði að því að gerð yrði heimildamynd um fjölbreytt starf samtakanna á Norðurlöndunum fyrir aðra heimsráðstefnu kvennaathvarfa sem haldin var í Washington í febrúar.

Af nógu var að taka, enda hefur sérhæfing orðið heimikil og forvitnilegur munur á starfi og áherslum á milli landa. Halla Kristín Einarsdóttir kvikmyndagerðarkona ferðaðist um Norðurlöndin og gerði myndina sem vakti mikla athygli.



Elin, Lene, Ritva, Lone, Margareta og Gudrun frá 6 Norðurlöndum

Söfnun samræmdra upplýsinga um ofbeldi á heimsvísu

Einn af ávöxtunum af því að alþjóðlega kvennaathvarfahreyfingin hefur nú sameinast er að nú er verið að leitast við að safna tölfræðiupplýsingum um ofbeldi á heimsvísu. Jan Reimer frumkvöðullinn að stofnun samtakanna hefur staðið fyrir upplýsingasöfnuninni síðastliðin 5 ár. Í hverju þáttökulandi hafa kvennasamtökin safnað tölfræðiupplýsingum einn dag á ári. Kannað er hversu margar konur hafa leitað hjálpar, hversu margar fá ekki hjálp, hversu margar eru barnshafandi o.s.frv. Á Íslandi safnaði Anna Þóra þessum upplýsingum frá Stígamótum, Kvennaathvarfinu, Kvennaráðgjöfinni, Aflinu og Sólstöfum.

Söfnunin fór fram í 44 löndum. 106.108 konur og börn leituðu hjálpar hjá athvörfum þessara landa. Af 67.484 konum voru 1133 barnshafandi. Af þessum hópi var 8.148 konum og 4.385 börnum snúið tilbaka vegna plássleysis. Í þremur af þáttökulöndunum voru engin athvörf til.

Klámúllur ræddar í Bergen

Stjórnmalaflokkurinn Sosial Venstre vildi kynna sér lokun klámstaða á Íslandi og jafnvel setja fram tillögu um það sama í Noregi. Af því tilefni var haldin ráðstefna hjá kvennahreyfingu flokksins í Bergen og þangað var talskonu Stígamóta boðið til þess að tala fyrir málinu.

Ráðstefna um norrænu svanaþópana í Stavanger í Noregi

Svanaþópanir sem Dorit Otzen hefur starfrækt í nokkur ár í Danmörku voru kveikjan að stofnun samskonar hópa hjá Stígamótum. Norðmenn vildu líka setja á laggirnar samskonar starfsemi og ákveðið

var að koma á formlegu samstarfi á milli landanna þriggja. Þær Anna Þóra Kristinsdóttir sálfræðingur hjá Stígamótum og Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir verkefnastýra í Kristínarhúsi fóru til Noregs, kynntu íslenska starfið og farið var yfir það hvernig hægt væri að gera sjálfshjálparstarfið árangursríkt.

Fjögurra vikna námsferð til Bandaríkjanna í boði Bandaríska sendiráðsins

Stígamót fengu boð frá bandaríska sendiráðinu um að senda starfskonu í námsferð til Bandaríkjanna í boði þarlandra stjórnvalda. Ákveðið var að Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir færi í ferðina sem stóð yfir í fjórar vikur í fjórum borgum: Washington, New York, San Diego og San Francisco. Efni ferðarinnar var að kynna sér stefnumótun varðandi ofbeldi gegn konum, kynnst þrýstihópum og félagsamtökum sem starfa í geiranum, heimsækja athvörf og taka þátt í heimsráðstefnu kvennaathvarfa. Námsþingurinn samanstóð af 10 konum sem starfa að ofbeldismálum í sínum heimalöndum í Evrópu ýmist á vettvangi stjórnvalda eða í kvennaathvörfum. Ýmislegt gagnlegt lærðist í ferðinni og var áhugavert að fá að kynnst frá fyrstu hendi þeim úrræðum sem hafa gefist vel í Bandaríkjunum.

Heimsráðsráðstefna kvennaathvarfahreyfingarinnar

Dagana 23. febrúar – 2. mars fór talskona Stígamóta til Washington. Þar var haldinn stjórnarfundur í heimssamtökum kvennaathvarfahreyfingarinnar; Global Network of Women's Shelters. Lagður var lokaundirbúningur á aðra heimsráðstefnuna þar sem um 1500 konur hittust víðs vegar að úr heiminum.

Stígamót stýrðu tveimur dagskrárliðum á ráðstefnunni, annars vegar fyrirlestri um starfsemi Stígamóta í víðum skilningi. Í þeim fyrirlestri var áhersla lögð á pólitískt grasrótarstarf og þá ánægju sem hægt er að njóta í starfi, þrátt fyrir að viðfangsefnið sé grafalvarlegt.



Frá heimsráðstefnunni í Washington

Hins vegar skipulagði talskona Stígamóta dagskrá um Norrænar konur gegn ofbeldi. Frumsýnd var heimildamynd um norrænu samtökin sem Halla Kristín Einarsdóttir gerði og síðan sátu fulltrúar samtaka í hverju landi fyrir svörum. Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir var á sama tíma í þriggja vikna námsferð um Bandaríkin í boði Bandaríska sendiráðsins. Liður í þeirri ferð var þátttaka í heimsráðstefnunni.

Samstarf Spánar, Noregs og Íslands um jafnrétti og afnám ofbeldis

Dagana 6.-10. maí var talskonu Stígamóta boðið til Madrid til þess að taka þátt í að hanna samstarf Spánar, Noregs og Íslands í jafnréttismálum með sérstakri áherslu á ofbeldismál. Þróunarsjóður EFTA og norskur sjóðurinn höfðu sett af mikið fjármagn í verkefnið og Stígamóta var óskað vegna áherslunnar á afnám ofbeldis. Fundað var á Spáni 6.-10. maí, og aftur í sept.

Ofbeldisvöktun í European Women's Lobby (EWL)

Í mörg ár hefur verið frjótt samstarf á milli Stígamóta og European Women's Lobby sem eru stærstu regnhlífarsamtök kvennahreyfinga innan Evrópusambandsins. Má nefna að EWL héldu utan um samstarfsverkefni Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna um mansalsmál og áttu mikinn þátt í að ENATW verkefnið komst á. Í báðum þessum verkefnum skipti starf Stígamóta miklu máli. Á vegum EWL er starfandi European Policy Action Centre on Violence Against Women. Í hópnun eru 22 sérfræðingar frá jafnmörgum Evrópulöndum og fyrir hönd Stígamóta hefur Guðrún Jónsdóttir tekið þátt í starfinu.

Markmið þessa sérfræðingahóps er:

- Að fylgjast með þróuninni innan málaflokksins
- Bæta þjónustu, fyrirbyggjandi aðgerðir og varnir fyrir konur sem hafa verið beittar ofbeldi af hálfu karla
- Vera tengiliður ólíkra hópa sem vinna gegn ofbeldi
- Vitundarvakning og að halda til haga umfangi ofbeldis
- Að hafa vakandi auga með staðbundinni, svæðisbundinni, þjóðfélagslegri og Evrópskri þróun innan málaflokksins. Benda bæði á framfarir og mögulegt bakslag og halda til haga tölfræði og öðrum gögnum.
- Að berjast fyrir því á alþjóðavettvangi, Evrópuvettvangi og í eigin landi að umburðarlyndi fyrir ofbeldi verði ekkert.

Á ofbeldisvaktinni fór Guðrún á fund ráðsins og sat jafnframt ráðstefnu EWL um ofbeldi í Brussel dagana 5.-9. október. Búinn hefur verið til mælikvarði á stöðu mála eins konar ofbeldisbarómeter og þegar staðan á Íslandi er borin saman við stöðuna í öðrum Evrópuríkjum er hún nokkuð góð, en betur má ef duga skal. Í ár verður búinn til hliðstæður barómeter á nauðgunarmál í Evrópu.

Eftir vinnufundi í sérfræðingahópnum, tók stígamótatalskonan þátt í fundi með Rashidu Manjoo umboðsmanni ofbeldismála hjá SP og þar sem þingmenn Evrópusambandsins og fulltrúar úr Evrópuráðinu voru saman komnir. Farið var yfir nauðsyn þess að fullgilda Evrópuráðssamninginn um afnám ofbeldis gegn konum og lagt á ráðin um vinnuna á kvennanefndarfundi SP í NY.

Kvennanefndarfundur Sameinuðu Þjóðanna í New York



Gréta Gunnarsdóttir sendiherra ásamt fulltrúum í sendinefndinni

Stígamót hafa átt því láni að fagna að eiga fulltrúa í íslensku sendinefndinni sem sækir Kvennanefndarfundur Sameinuðu Þjóðanna. Að þessu sinni var stoppið stutt í byrjun mars, rétt eftir heimsráðstefnuna í Washington. Kvennanefndin hefur það hlutverk að fylgja eftir Pekingáætluninni sem samþykkt var í Kína árið 1995 um réttindi kvenna.

Árið 2012 voru málefni kvenna á strjálbýlum svæðum á dagskrá. Ekki tókst að ná saman lokaályktun á fundinum, því mikil úrtölu og afturhaldsöfl hafa bundist samtökum um að hindra framfarir í málaflokknum.

Norrænar konur ræddu um eltiarella og ofsóknir í Finnlandi

Norrænu kvennaathvarfasamtökin ræddu eltiarella á árlegri ráðstefnu sinni dagana 6.-9. sept. sl. Einstaklega góð erindi og fróðleg voru haldin og augljóst að nágrannalöndin hafa lyft upp í dagsljósið þessu alvarlega ofbeldisformi. Lagasetning er á döfni í Finnlandi og góðar bækur finnast bæði á norsku og dönsku um málefnið. Talskona Stígamóta hélt erindi um stöðuna á Íslandi, sat í panel í umræðum um félagsþjónustu og feminisma og stýrði málsstofu um fjáröflun frjálsra félagasamtaka. Í Finnlandi var jafnframt haldinn fundur í norræna stýrihópnum og farið yfir stöðuna í alþjóðasamtökunum og í Evrópusamtökunum WAVE. Alltaf jafnmikilvægt að sækja í reynslubanka nágrannanna og miðla því sem vel er gert hér heima.

Konur á heimskautasvæðum gegn ofbeldi

Fyrir nokkrum árum síðan hófu konur á nyrstu svæðum jarðar samstarf sín á milli að frumkvæði þeirra Mildred Hedberg og Evu Engman. Talskona Stígamóta hefur tekið þátt í þessari vinnu síðan.

Árið 2009 var fyrsta ráðstefnan haldin í Luleå og í júní var svo haldin ráðstefna í smábænum Apatiti á Kólaskaganum í Norður – Rússlandi. Þar hittust konur frá nyrstu svæðunum í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og í Rússlandi auk Íslands. Mikið ævintýri var að komast á staðinn. Flogið var frá Íslandi til Stokkhólms og þaðan til Luleå í Norður Svíþjóð, en þaðan var svo 17 tíma rútufærð í gegnum Finnland og eftir Kólaskaganum til Apatiti.

Stígamótakonan flutti erindi um feminískt samfélagsstarf og jafnframt stýrði hún vinnustofu um mansal og vændi. Mikill áhugi var fyrir íslenskum aðferðum í starfinu og háværar óskir um að næst myndu konur hittast á Íslandinu góða.



Eva Engman og Mildred Hedberg í Apatiti

WAVE ráðstefna í London

Dagana 17.-19. Október var haldin árleg ráðstefna Evrópsku kvennaathvarfarhreyfingarinnar. Talskonu Stígmóta var boðið að flytja þar erindi um feminíska nálgun í vinnunni gegn ofbeldi. Eins og svo oft áður vakti samstaða og róttækni íslenskra kvenna mikla athygli. Sérstaklega frásagnir af kvennaverkfallinu og af aðgerðum Stóru systur.

40 ára afmæli Kvinnefronten í Noreg

Kvinnefronten eru virt, róttæk og öldruð kvenréttindasamtök í Noregi. Þau sýndu talskonu Stígmóta þann sóma að bjóða henni í afmælisfagnaðinn þann 21. okt. og flytja erindi á afmælishátíðinni. Allveg óborganlegt að hlusta þá þær rifja upp söguna og alla þá baráttu og vinnu sem lögð hefur verið í að koma upp dagvistun, afnema bann við fóstureyðingum, berjast gegn klámvæðingu og ofbeldi hvers konar. Margar voru þær með gráa og klóka kolla þessar valkyrjur og höfðu sumar ekki sést í áratugi.

WAVE námskeið í Vín um öryggismál og áhættumat í kvennaathvörfum

Þórunn Þórarinsdóttir fór fyrir hönd Stígmóta á nokkurra daga námskeið Evrópusamtakanna um öryggismál og áhættumat í daglegu starfi evrópskra athvarfa.

Mansal og vændi á Evrópusambandsfundi á Kýpur

Dagana 27.-30. nóv. var talskonu Stígmóta boðið til Kýpur þar sem fyrsta ráðstefnan var haldin um mansal og vændi. Það var vandasamt að ræða málefnið, þar sem það var framandi og nýtt í umræðunni. Skiptar skoðanir voru um hvort feta ætti í fótspor Norðurlandanna og banna kaup á konum, eða gefa vændi frjálst og treysta því að þannig væri konum í vændi best borgið.

Tvískinnungurinn í umræðunni var mikill að vanda. Á Kýpur könnuðust margir ekki við vændishús eða mansal, en þar væri þó alsíða að feður, eða föðurbræður, jafnvel mæður keyptu vændi handa kynþroska ungum mönnum til þess að kynna þeim fyrir kynlífi.

Stýrihópur Norrænna kvenna gegn ofbeldi

Í byrjun desember hittist stýrihópur Norrænna kvenna gegn ofbeldi til þess að fara yfir stöðuna í einstökum löndum og leggja á ráðin um ráðstefnu næsta árs. Ákveðið var að næsta ráðstefna verði í Færeyjum og muni fjalla um kynferðisofbeldi gegn börnum. Þó ótrúlegt sé, hefur það málefni ekki verið til umræðu þar í landi þar til nú nýlega. Það er því sannarlega kominn tími til þess að taka til hendi og var talskonu Stígmóta boðið að flytja erindi um starfshætti Stígmóta á ráðstefnunni 2013.

Aðild Stígamóta að regnhlífur og alþjóðasamtökum og helstu samstarfsaðilar

- *Norrænar konur gegn ofbeldi* sem eru regnhlífarsamtök norrænna kvennasamtaka sem vinna gegn ofbeldi
- *Equality Now!*
- *WAVE* - women against violence in Europe með vefsíðuna: www.wave-network.org
- *Coalition Against Trafficking in Women* sem sérstaklega beita sér gegn þeirri nútíma þrælasölu á konum sem kynlífsiðnaðurinn stundar catw-1@list.web.net
- *European's Womens Lobby*, sérfræðingshlutverk í ofbeldismálum innan European Policy Action Centre on Violence Against Women <http://www.epacvaw.org/>
- *Global network of women's shelters*: Alþjóðlegur 17 kvenna vinnuhópur sem undirbýr stofnun alþjóðlegra samtaka kvennaathvarfanna í heiminum
- *Skotturnar* Regnhlífarsamtök 23 kvennasamtaka www.kvennafri.is



TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Tölulegar upplýsingar í ársskýrslu Stígamóta eru mikilvægt tæki til þess að lýsa þeim hliðum íslensks samfélags sem birtast í starfsemi Stígamóta. Með söfnun tölulegra upplýsinga í 23 ár búum við yfir mikilli þekkingu um kynbundið ofbeldi, birtingarmyndir þess og afleiðingar, fólkið sem er beitt ofbeldi og ofbeldismennina. Hér fara á eftir þær skilgreiningar á sífjaspellum og nauðgunum sem til viðmiðunar eru við tölfræðilega úrvinnslu í þessari skýrslu.

Sífjaspell skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekki slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.

Nauðgun skilgreinum við sem kynferðislegt ofbeldi þar sem einhver þrengir sér eða gerir tilraun til að þrengja sér inn í líkama annarrar manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstjórn hennar á bak aftur.

Á árinu 2012 leituðu 664 einstaklingar til Stígamóta, af þeim voru 264 einstaklingar sem leituðu aðstoðar vegna eigin mála í fyrsta skipti. Þá voru 58 aðstandendur sem leituðu til Stígamóta og þar af voru 24 með upplýsingar um mál sem ekki voru þekkt hjá Stígamótum fyrir.

Í þeim tölulegu upplýsingum sem hér fara á eftir er annars vegar fjallað um starfsárið 2012 og hins vegar er að finna í nokkrum tilvikum samanburð á fimm síðustu starfsárum. Upplýsingar um starfsemina á fyrri starfsárum má nálgast hjá Stígamótum.

Þær tölulegu upplýsingar sem hér fara á eftir varðandi árið 2012 miðast við fjölda skýrslna sem fyrir liggur um hvern hóp fyrir sig, þ.e. brotþola, ofbeldismenn og aðstandendur.

Í fyrri ársskýrslum hefur fjöldi einstaklinga sem leitað hafa aðstoðar á Stígamótum frá stofnun verið tilgreindur, einnig hefur verið tilgreindur fjöldi þeirra ofbeldismanna sem beitt hafa þá sem leitað hafa til Stígamóta kynferðisofbeldi. Mikilvægt er að nefna hér að borið hefur á því í fyrri ársskýrslum að tilgreindur hefur verið rangur fjöldi einstaklinga og ofbeldismanna. Í ársskýrslu fyrir árið 2008 kom fram rangur fjöldi einstaklinga sem leitað hafði aðstoðar hjá Stígamótum og hefur þetta leitt til þess að rangur fjöldi var einnig tilgreindur í ársskýrslum árunum 2009 til 2011. Í ársskýrslu ársins 2005 var rangur fjöldi ofbeldismanna tilgreindur og hefur það einnig leitt til þess að rangur fjöldi var tilgreindur í ársskýrslum fyrir árin 2006 til 2011. Í töflum 1 og 2 hér fyrir neðan eru réttar tölur tilgreindar fyrir fjölda einstaklinga og ofbeldismanna.

Tafla 1. Heildarfjöldi allra nýrra einstaklinga sem leituðu til Stígamóta árin 1990 til 2012

	Brotapólar	Aðstandendur	Samtals	Fjöldi einstaklinga frá upphafi
1990	-	-	250	250
1991	180	125	305	555
1992	396	60	456	1.011
1993	290	19	309	1.320
1994	320	26	346	1.666
1995	258	25	283	1.949
1996	235	21	256	2.205
1997	176	39	215	2.420
1998	164	14	178	2.598
1999	204	9	213	2.811
2000	198	16	214	3.025
2001	206	19	225	3.250
2002	241	14	255	3.505
2003	237	14	251	3.756
2004	212	16	228	3.984
2005	228	21	249	4.233
2006	260	6	266	4.499
2007	-	-	277	4.776
2008	253	49	302	5.078
2009	210	39	249	5.327
2010	251	55	306	5.633
2011	278	68	346	5.979
2012	264	58	322	6.301

Í töflu 1 er yfirlit yfir alla þá einstaklinga sem leituðu aðstoðar hjá Stígamótum í fyrsta skipti flokkað eftir ári. Þarna eru bæði einstaklingar sem leituðu til Stígamóta vegna kynferðisofbeldis sem þeir upplifðu sjálfir og einstaklingar sem leituðu til Stígamóta sem aðstandendur einhvers sem lent hafði í kynferðisofbeldi.

Tafla 2. Heildarfjöldi ofbeldismanna frá árinu 1990 til 2012

	Ofbeldismenn	Fjöldi einstaklinga frá upphafi
1990	575	575
1991	416	991
1992	786	1.777
1993	483	2.260
1994	522	2.782
1995	407	3.189
1996	366	3.555
1997	293	3.848
1998	216	4.064
1999	248	4.312
2000	237	4.549
2001	256	4.805
2002	336	5.141
2003	338	5.479
2004	276	5.755
2005	299	6.054
2006	365	6.419
2007	418	6.837
2008	420	7.257
2009	391	7.648
2010	394	8.042
2011	487	8.529
2012	504	9.033

Eins og fram kemur í töflu 1 hafa 6301 einstaklingur leitað aðstoðar hjá Stígamótum frá stofnun Stígamóta. Jafnframt kemur fram í töflu 2 að ofbeldismennirnir teljast vera 9033 en þeir eru væntanlega nokkuð færri þar sem einhverjir þeirra hafa beitt fleiri en einn einstakling ofbeldi, og því möguleiki að einhverjir séu tvítaldir. Það vekur athygli að ofbeldismennirnir eru miklu fleiri en þeir sem beittir eru ofbeldi. Sami einstaklingurinn er stundum beittur kynferðisofbeldi af fleiri en einum ofbeldismanni á lífsleiðinni. Einnig sýna tölurnar að einn og sami ofbeldismaðurinn beitir oft fleiri en einn einstakling kynferðisofbeldi.

Tafla 3. Fjöldi viðtala og einstaklinga árið 2012

Ný mál - brotaþolar komu sjálfir	264
Upplýsingar um ný mál gegnum aðstandendur	24
Heildarfjöldi ofbeldismanna*	504
Fjöldi nýrra aðstandenda	58
Heildarfjöldi einstaklinga sem komu í viðtöl	664
Heildarfjöldi viðtala	2077

Í töflu 3 kemur fram að árið 2012 voru 264 ný mál þar sem brotaþolar sjálfir komu með mál sín til Stígamóta. Þetta eru aðeins færri mál borið saman við árið 2011 (en þá voru ný mál frá brotaþolum 278). Árið 2012 leituðu færri aðstandendur til Stígamóta borið saman við árið 2011, fram kemur um 14% fækkun á milli ára.

*Samanlagður fjöldi ofbeldismanna er 504, bæði ný mál og upplýsingar um mál frá aðstandendum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um ofbeldismenn þegar ný mál komu til Stígamóta gegnum aðstandendur, en hér er talinn einn ofbeldismaður fyrir hvert nýtt mál sem upplýsingar fást um hjá aðstandendum (sem er lágmarkstalning). Því er hægt með vissu að segja að ofbeldismennirnir hafi verið 504 en hins vegar byggja tölfræðilegar upplýsingar í ársskýrslu þessari á 480 skýrslum sem fyrir lágu um ofbeldismenn. Þess ber að geta að í einhverju tilfellum gáfu brotaþolar ekki upplýsingar um alla ofbeldismenn. Ástæða þess gat verið til dæmis að þeir vissu ekki hve margir þeir voru eða það átti ekki við, eins og til dæmis í vændis- og mansals-málum.

Mikilvægt er að hafa þessar skýringar í huga við lestur niðurstaðna og túlkun þeirra. Það kemur fram í töflum, myndum eða texta út frá hvaða hópi niðurstöður eru reiknaðar og settar fram.

Þegar ný mál, bæði frá brotaþolum og aðstandendum, eru lögð saman verður heildarfjöldi nýrra mála 288 sem er 25 málum færri en á síðasta ári, sem er um 8% fækkun milli ára. Ofbeldismenn eru nú 504, sem er um 3% aukning frá árinu 2011. Heildarfjöldi einstaklinga sem komu í viðtöl til Stígamóta árið 2012 var 664, sem er um 12% aukning frá árinu 2011 en þá var heildarfjöldi einstaklinga var 593. Í heildina voru færri einstaklingar sem leituðu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2012 en heildarfjöldi allra einstaklinga sem voru í viðtölum var aðeins meiri borið saman við árið 2011.

Meðferð tölulegra gagna

Líkt og í ársskýrslum síðustu ára eru allar tölfræðilegar upplýsingar í þessari skýrslu unnar út frá spurningalistum sem notendur þjónustunnar fylltu sjálfir út. Þegar túlkun breytist við nýja aðferð er þess getið í texta.

Tafla 4. Skipting einstaklinganna eftir kyni


	Fjöldi	Hlutfall
Karl	23	8,7%
Kona	241	91,3%
Alls	264	100%

Tafla 4 sýnir fjölda og hlutfall þeirra einstaklinga sem komu til Stígamóta árið 2012 skipt eftir kyni. Eins og árin á undan leituðu mun fleiri konur en karlar til Stígamóta árið 2012.

Tafla 5. Þjóðerni brotaþola


	Fjöldi	Hlutfall
Íslendingur	243	92,0%
Blandað þjóðerni	3	1,1%
Frá öðrum löndum	13	4,9%
Upplýsingar vantar	5	1,9%
Alls	264	100%

Eins og sést í töflu 5 voru flestir þeir sem komu til Stígamóta árið 2012 íslenskir eða 92%.



Mynd 1. Fjöldi nýrra mála frá upphafi

Mynd 1 sýnir fjölda þeirra einstaklinga sem árlega hafa leitað til Stígamóta undanfarin 23 ár. Fyrstu árin var um uppsafnaðan vanda að ræða. Árið 1993 kom Neyðarmóttaka vegna nauðgana til sögunnar og tók yfir hluta af nauðgunarmálunum. Á árunum 1995-1997 hættu Stígamót að taka á móti börnum og Barnahúsið varð til í nóvember 1998. Frá árinu 2004 til 2007 var hægur stígandi í fjölda einstaklinga. En milli árana 2008 og 2009 var fækkun. Árið 2010 fjölgaði aftur nýjum málum, og nýjum málum fjölgaði enn frekar árið 2011. Nýjum málum fækkaði um 8 % árið 2012 borið saman við árið 2011 en þó eru ný mál árið 2012 fleiri borið saman við ný mál á árunum 1995 til 2010.



Mynd 2. Fjöldi nýrra viðtala eftir mánuðum árið 2012

Mynd 2 er nokkuð breytileg frá ári til árs. Aðsóknin er breytileg á milli ára og mánaða og erfitt að segja fyrir um vinnuálag ársins. Þó hefur það verið nokkuð fyrirsjáanlegt að aðsókn er í lágmarki í desember ár hvert. Fjöldi nýrra viðtala var nokkuð jafn í gegnum árið 2012, aðsóknin var þó lítil í júlí og ágúst sem sennilega er tilkominn vegna þess sumarfría.

Tafla 6. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2012

	Fjöldi	Hlutfall
Sifjaspell	118	19,0%
Grunur um sifjaspell	11	1,8%
Nauðgun	140	22,5%
Grunur um nauðgun	8	1,3%
Nauðgunartilraun	23	3,7%
Klám	12	1,9%
Vændi	17	2,7%
Kynferðisleg áreitni	92	14,8%
Andlegt ofbeldi	100	16,1%
Líkamlegt ofbeldi	64	10,3%
Ofsóknir ofbeldismanns	29	4,7%
Annað	7	1,1%
Alls	621	100%


Það fólk sem nýtir sér þjónustu Stígamóta kemur gjarnan til þess að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið fleiri en eitt. Þess vegna eru ástæður komu fleiri en einstaklingarnir (264).

Þar sem um grun um sifjaspell er að ræða, er ástæðan sú að viðkomandi ber einkenni þess að hafa verið beittur ofbeldi en minnið er brostið. T.d. getur verið um það að ræða að viðkomandi truflist af svipmyndum, martröðum eða mikilli vanlíðan í návist ákveðinna manna eða á ákveðnum stöðum en geti ekki munað hvað gerðist.

Þegar um grun um nauðgun er að ræða, er t.d. um að ræða þegar stúlka vaknar á ókunnnum stað og hefur enga minningu um hvernig hún endaði þar og vaknar upp við hlið ókunnugs manns.

Eins og tafla 6 sýnir voru nauðgun, nauðgunartilraun og sifjaspell um 45% þeirra ástæðna sem tilgreindar voru sem ástæða komu á Stígamót.


Af þeim 118 einstaklingum sem nefndu sifjaspell sem ástæðu komu voru 16 karlar og af þeim 140 sem nefndu nauðgun sem ástæðu voru 10 karlar. Athygli vekur hve margir notendur leita til Stígamóta vegna andlegs ofbeldis, sem stundum er hluti af kynferðisofbeldinu og stundum aðskilið, þ.e. að um annan ofbeldismann er að ræða. Þá eru einnig margir sem leita til Stígamóta vegna kynferðislegrar áreitni.



Mynd 3. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta

Um klám og vændi

Konur hafa leitað sér hjálpar vegna klámnotkunar sambýlismanna þeirra sem hefur misboðið þeim á ýmsa vegu. Aðrar hafa orðið fyrir því að teknar hafa verið myndir af þeim í kynlífsathöfnum með eða án þeirra vilja og þeim síðan dreift eða konum hótað að þeim verði dreift. Það voru 12 einstaklingar (allt konur) sem leituðu til Stígamóta árið 2012 vegna kláms og fækkaði þeim um 11 frá árinu 2011. Árið 2012 leituðu 17 einstaklingar (allt konur) til Stígamóta vegna vændis, þetta eru fleiri einstaklingar en leituðu til Stígamóta vegna vændis árið 2011 en þá voru þeir 12. Það sama hefur sýnt sig hjá Stígamótum og hjá erlendum systursamtökum að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri ofbeldisreynslu sem vændi er. Mikilvægt er að hafa í huga við túlkun niðurstaðna að vændi er oft falið vandamál og oft koma upplýsingarnar um það ekki í ljós fyrir en eftir margra mánaða viðtöl. Skráningar fara hins vegar fram eftir fyrstu viðtöl og upplýsingar um það vantar því í einhverjum tilvikum.



Mynd 4. Samanburður milli ára á ástæðum þess að leitað var til Stígamóta

Mynd 4 sýnir ástæður fyrir komu einstaklinga til Stígamóta síðustu fimm árin. Eins og sést á mynd 4 hafa nauðgun og sifjaspell oft verið tilgreind sem ástæða komu síðastliðin fimm ár.

Tafla 7 a/b. Aldur fólks þegar aðstoðar var leitað og þegar ofbeldið var framið árið 2012


7a) Aldur er aðstoðar er leitað

	Fjöldi	Hlutfall
11 - 17 ára	15	5,7%
18 - 29 ára	128	48,5%
30 - 39 ára	54	20,5%
40 - 49 ára	37	14,0%
50 - 59 ára	19	7,2%
60 ára og eldri	6	2,3%
Upplýsingar vantar	5	1,9%
Alls	264	100%

7b) Aldur er ofbeldi er framið

	Fjöldi	Hlutfall
0 - 4 ára	16	6,1%
5 - 10 ára	82	31,1%
11 - 17 ára	101	38,3%
18 - 29 ára	43	16,3%
30 - 39 ára	7	2,7%
40 - 49 ára	2	0,8%
Ekki viss	7	2,7%
Merkt við fleiri en eitt atriði	1	0,4%
Upplýsingar vantar	5	1,9%
Alls	264	100%

Tafla 7a sýnir aldur fólks þegar það leitaði til Stígamóta og tafla 7b sýnir aldur þess þegar ofbeldið hófst. Tæp 70% þeirra sem nýttu sér þjónustu Stígamóta árið 2012 voru á aldrinum 18-39 ára en ofbeldið hófst hins vegar hjá tæplega 70% þegar þeir voru á aldrinum 5-17 ára, og eru þetta samskonar niðurstöður og ársskýrslur fyrri ára hafa sýnt.




Mynd 5. Samanburður á aldri einstaklinga þegar leitað var aðstoðar og aldri þeirra þegar ofbeldið var framið árið 2012


Mynd 5 sýnir annars vegar aldur einstaklinga þegar leitað var til Stígamóta og hins vegar aldur þeirra þegar ofbeldið var framið og miðast upplýsingarnar við árið 2012. Tekið skal fram að 15 einstaklingar voru yngri en 18 ára þegar aðstoðar var leitað. Það er eftirtektarvert að nokkur tími virðist líða frá því að ofbeldið á sér stað þar til fólk leitar sér hjálpar. Samskonar niðurstöður koma fram í tölum Stígamóta frá fyrri árum. Ein af þeim áskorunum sem Stígamót standa frammi fyrir er að vinna að því að stytta tímenn sem fólk lætur líða frá því að brotið er gegn því og þar til það leitar sér hjálpar.

Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga


Allar upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga miðast við upplýsingar um brotþola úr komuskýrslum (264 skýrslur).



Mynd 6. Hjúskaparstaða




Mynd 7a). Menntun



Mynd 7b). Atvinna


Myndir 7a og 7b hér að framan bera með sér að starfs- og menntunarlegur bakgrunnur þeirra sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi er margbreytilegur. Tölur ársins 2012 sýna líkt og tölur fyrir árin 2010 og 2011 að margir eru við nám en hlutfallslega flestir eru í fullu starfi.



Mynd 8. Sveitarfélag þar sem ofbeldið átti sér stað

Tölurnar í mynd 8 miðast við þann stað sem einstaklingarnir voru á þegar þeir voru beittir ofbeldi. Samanlagður fjöldi í myndinni er meiri en 264 þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt sveitarfélag. Hlutfallið í myndinni miðast þó við fjölda einstaklinga (264), en upplýsingar um í hvaða

sveitafélagi ofbeldið átti sér stað vantaði hjá 9 einstaklingum (3,4%). Eins og sést á þessari mynd á kynferðisofbeldi sér ekki landfræðileg mörk.



Mynd 9. Búseta þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2012

Á mynd 9 má sjá búsetu fólks þegar það leitaði til Stígamóta. Um 67% þeirra einstaklinga sem leituðu til Stígamóta árið 2012 bjuggu á höfuðborgarsvæðinu og er það fyrst og fremst sá hópur sem hefur verulegt gagn af starfi Stígamóta. Úr þessum hópi eru flest þeirra sem nýta sér viðtöl í langan tíma og hafa möguleika á að taka þátt í starfi sjálfshjálparhópanna. Þá eru margir sem leggja á sig löng ferðalög til að koma í viðtöl. Þá er einnig boðið uppá simaviðtöl sem landsbyggðarfólk hefur nýtt sér. Verkefnið „Stígamót á staðinn“ opnaði möguleika fyrir þá sem búa á Sauðárkrók og Egilstöðum að nýta sér þjónustu Stígamóta á sínu heimasvæði. Ein starfskona Stígamóta var með regluleg viðtöl á Sauðárkróki frá áramótum fram að september 2012 og önnur starfskona var með regluleg viðtöl á Egilstöðum frá mars fram að áramótum árið 2012.

Tafla 8. Búseta; samanburður milli ára


	2008	2009	2010	2011	2012	
Reykjavík	45,3%	54,3%	56,6%	46,4%	48,5%	128
Kópavogur	13,1%	10,0%	10,4%	7,6%	4,9%	13
Hafnarfjörður	6,4%	6,7%	7,6%	7,9%	6,8%	18
Seltjarnarnes	0,0%	0,5%	0,8%	1,4%	0,4%	1
Garðabær	3,0%	5,2%	3,6%	4,3%	3,0%	8
Mosfellsbær	2,1%	1,0%	4,0%	5,0%	3,8%	10
Landsbyggð	28,0%	21,4%	14,4%	24,4%	27,3%	72
Erlendis	2,1%	1,0%	1,6%	2,2%	1,1%	3
Uppl.vantar	0,0%	0,0%	1,2%	0,7%	4,2%	11
Fjöldi	236	210	251	278	264	

Í töflu 8 er yfirlit yfir búsetu fólks árin 2008 til 2012. Árið 2012 var hlutfall þeirra sem búa úti á landi og leituðu til Stígmóta aðeins hærra en árin 2009- 2011. Mögulega má skýra þessa breytingu með því að verkefnið „Stígamót á staðinn“ var í gangi allt árið 2012 og farið var á tvo staði þetta ár (Egilstaði og Sauðárkrók).

Um ofbeldisverkin

Tafla 9. Hve lengi stóðu sífjaspellin?

	2008	2009	2010	2011	2012	
Eitt skipti	13,0%	20,9%	16,2%	16,8%	30	22,7%
Innan við 1 ár	20,6%	17,4%	17,2%	20,8%	18	13,6%
1-5 ár	35,9%	33,9%	39,4%	38,4%	46	34,8%
6 ár eða lengur	19,8%	12,2%	12,1%	15,2%	16	12,1%
Óvíst	14,1%	15,7%	15,2%	8,8%	22	16,7%
Alls fjöldi	139	115	99	125	132	



Mynd 10. Samanburður á milli ára


Tölunum um hve lengi sífjaspellin stóðu yfir ber að taka með varúð. Það reynist fólki oft erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega og þær tölur um tímalengd sem hér eru nefndar eru varlega áætlaðar. Augljóst er að sífjaspell eru ofbeldi sem oft er viðvarandi í mörg ár. Mynd 10 lýsir samanburði á milli ára. Öll árin kemur fram að í meira en helmingi tilfella standa sífjaspellin yfir í eitt ár eða lengur.

Tafla 10. Mismunandi birtingarmyndir nauðgana

	Fjöldi	Hlutfall
Nauðgun	125	68,7%
Hópnauðgun	24	13,2%
Lyfjanauðgun	22	12,1%
Annað	5	2,7%
Ekki viss	6	3,3%
Alls	182	100%

Heildarfjöldi nauðgana í töflu 10 er 182 en ekki 140 eins og fjöldi nauðgana í ástæðum þess að leitað var til Stígamóta. Ástæðan er að í tölunum er tekið tillit til þess að hver einstaklingur getur merkt við fleiri en eina tegund nauðgunar. Með nauðgun og nauðgun – annað, er átt við nauðganir sem ekki falla undir aðrar skilgreiningar nauðgunar sem settar eru fram í töflunni. Af þeim 24 einstaklingum sem nefndu hópnauðgun var einn karl og þeir 22 einstaklingar sem

nefndu lyfjanauðgun voru allt konur. Í ellefu tilfellum hópnauðgana voru tveir ofbeldismenn, í sjö tilfellum voru ofbeldismennirnir þrír og í tveimur tilfellum voru ofbeldismennirnir 4. Í 4 tilfellum vantaði upplýsingar fjölda ofbeldismanna.



Mynd 11. Þvingunaraðferðir við beitingu ofbeldis

Á mynd 11 er yfirlit yfir það hvort og þá hvaða þvingunaraðferðum hafi verið beitt í ofbeldinu. Þessi mynd á við allar birtingarmyndir kynferðislegs ofbeldis. Hlutfallið í myndinni miðast við heildarfjölda ofbeldismanna (480), upplýsingar um hvaða þvingunaraðferðum var beitt vantaði hjá 178 ofbeldismönnum (37,1%). Á myndinni sést að í 29,2 % tilfella var hótunum beitt og líkamsmeiðingum var beitt í 21,7% tilfella, þetta eru svipuð hlutföll og komu fram í ársskýrslu Stígamóta árið 2011. Þetta sýnir að hluta til alvarleika brotanna en um leið er rétt að ítreka að kynferðisofbeldi er í sjálfu sér ofbeldi og þvingun og er mjög alvarlegt þó hér séu gefnar upplýsingar um sérstakar þvingunaraðferðir sem stundum er beitt til viðbótar við kynferðisofbeldið sjálft.

Tafla 11. Hvar átti kynferðisofbeldið sér stað?

	Fjöldi	Hlutfall
Á sameiginlegu heimili	77	19,1%
Á heimili ofbeldismannsins	103	25,6%
Á heimil brotþola	66	16,4%
Í heimahúsi	50	12,4%
Á vinnustað	11	2,7%
Á eða við skemmtistað	13	3,2%
Á útihátið	5	1,2%
Í tómstundum eða íþróttastarfi	3	0,7%
Á opinberri stofnun	17	4,2%
Utandyra	34	8,4%
Annað	18	4,5%
Ekki viss	6	1,5%
Alls	403	100%


Flokkarnir í þessari töflu voru endurskilgreindir í ársskýrslu ársins 2008 og eru því sambærilegir milli árunna 2008 til 2011 en ekki við árin fyrir 2008. Í töflunni kemur fram að oftast á ofbeldið sér stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu eða á sameiginlegu heimili brotþola og ofbeldismanns, samtals í um 61 % tilfella. Þetta eru svipaðar niðurstöður og árin 2009 til 2011.

Í dálkinum sem merktur er „annað“ getur verið um að ræða staði eins og bifreiðar eða á öðrum stöðum sem ekki falla undir aðrar skilgreiningar í töflunni. Staðirnir eru fleiri en einstaklingarnir (264) vegna þess að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum.

Tafla 12. Hverjum hefur brotþoli sagt frá?


	Fjöldi	Hlutfall
Engum sagt frá ofbeldinu	11	4,2%
Sagt maka frá ofbeldinu	138	52,3%
Sagt móður frá ofbeldinu	122	46,2%
Sagt föður frá ofbeldinu	71	26,9%
Sagt öðrum í fjölskyldunni frá ofbeldinu	90	34,1%
Sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu	179	67,8%
Sagt fagaðila frá ofbeldinu	113	42,8%
Sagt öðrum frá ofbeldinu	12	4,5%
Óvist hverjum hefur verið sagt frá ofbeldinu	1	0,4%

Tafla 12 sýnir hverjum brotþoli hefur sagt frá ofbeldinu þegar hann kemur til Stígamóta. Þessi tafla er breytt frá árinu 2008 að því leyti að hún sýndi áður yfirlit yfir hverjum brotþoli sagði frá ofbeldinu á meðan á því stóð eða strax eftir að því lauk og því varhugavert að bera hana saman við árin fyrir 2008. Hlutfallið í töflunni miðast við heildarfjölda einstaklinga (264), af þeim vantaði upplýsingar frá 4 eða (1,5%). Eins og sést í töflunni hafa flestir sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu, svipaðar niðurstöður komu fram í tölum árunna 2009 til 2011.



Mynd 12. Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis

Í mynd 12 er reynt að gefa tölulega til kynna þær afleiðingar kynferðisofbeldis sem oftast eru nefndar í viðtölum. Hlutfallið í myndinni miðast við heildarfjölda einstaklinga (264). Upplýsingar um afleiðingar vantaði frá 3,0 % (8) af heildarfjölda einstaklinga. Í súluritinu er getið um „svipmyndir“. Hér getur verið um að ræða myndir eða minningar tengdar kynferðisofbeldinu sem skjóta skyndilega og án fyrirvara upp kollinum og valda miklu hugarangri. Kvíði, depurð, léleg sjálfsmýnd, skömm og sektarkennd eru algengustu afleiðingar kynferðisofbeldis. Myndin sýnir svipaða niðurstöðu og sambærilegar myndir í ársskýrslum frá árunum 2009 til 2011.




Mynd 13. Fíknir brotaþola samkvæmt upplýsingum þeirra sjálfra

Árið 2008 var ákveðið að setja inn í spurningalista notenda spurningar um hvort og þá hvaða fíknir fólk glímur við. Þetta var gert vegna þess að eitt af því sem fólk talar um í sambandi við afleiðingar sínar eru fíknir af ýmsu tagi og var það gert til að fá dýpri mynd og skilning á afleiðingum og líðan brotaþola. Hlutfallið í mynd 13 miðast við heildarfjölda einstaklinga (264), af þeim vantaði upplýsingar frá 15 eða (5,7%). Í myndinni sést að tæpur helmingur einstaklinga töldu sig ekki glíma við fíkn.

Tafla 13. Sjálfsvígstílaunir

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	159	60,2%
Já	57	21,6%
Upplýsingar vantar	48	18,2%
Alls	264	100%




Mynd 14. Sjálfsvígstílaunir

Eins og tafla 13 og mynd 14 sýna höfðu 57 einstaklingar eða 21,6 % af þeim sem leituðu til Stígamóta árið 2012 gert eina eða fleiri tílaunir til sjálfsvíga. Þetta er um 27 % aukning frá árinu 2011. En eins og sést í töflu 14 hér fyrir neðan hefur hlutfall þeirra sem gert hafa eina eða fleiri tílaunir til sjálfsvíga verið á bilinu 15 til 25%. Í rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur frá árinu 2002, á kynferðisofbeldi gagnvart börnum, kemst hún að því að um 15% hafi gert tílaunir til sjálfsvígs og er það nokkuð sambærilegt við tölur Stígamóta fyrir fyrri ár.

Tafla 14. Samanburður á sjálfsvígstilraunum á milli ára

	2008	2009	2010	2011	2012
Já	24,6%	18,6%	15,1%	16,2%	21,6%
Nei	72,0%	70,5%	61,8%	68,7%	60,2%
Fjöldi*	228	187	193	236	216


*Athuga verður að fjöldi einstaklinga nær eingöngu til þeirra sem svöruðu með já eða nei en ekki þegar svarið var óvíst eða upplýsingar vantaði. Hlutfallið miðast hins vegar við heildarfjölda einstaklinga.



Mynd 15. Hjá hvaða fagaðilum hefur ofbeldið verið rætt þegar komið er til Stígamóta árið 2012?

Mynd 15 hefur tekið breytingum frá fyrri árum. Fram til ársins 2008 komu fram upplýsingar um það hvert brotáþolar höfðu leitað með sín persónulegu mál áður en þeir komu til Stígamóta, en í raun gáfu þær upplýsingar ekki rétta mynd af því hvort ofbeldið hafði verið rætt við viðkomandi fagaðila. Árið 2008 voru svo bornar saman upplýsingar um það hvar aðstoðar hafði verið leitað annars vegar og hvar ofbeldið hafði verið rætt hins vegar. Í ljós kom að mun færri höfðu rætt ofbeldið við fagaðila en þeir sem höfðu leitað með persónuleg mál sín til fagaðila. Frá árinu 2009 hafa eingöngu verið settar fram upplýsingar um það hjá hvaða fagaðilum ofbeldið hefur verið rætt. Ástæðan fyrir þessum breytingum er að unnið hefur verið að því á undanförunum árum að einfalda þær komuskýrslur sem brotáþolar fylla út í fyrsta viðtali og eitt af því sem var einfaldað voru þessar upplýsingar. Þessi mynd er því aðeins sambærileg við samskonar mynd frá árinu 2009 en ekki árin á undan.

Þá er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi á þessari mynd er hærri en fjöldi einstaklinga (264) þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði. Hlutfallið miðast við heildarfjölda einstaklinga (264). Upplýsingar vantaði frá 15 eða (5,7%) af heildarfjölda einstaklinga. Athyglisvert er að sjá að 41% þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2012 höfðu ekki rætt ofbeldið við neinn fagaðila áður en þeir komu á Stígamót.



Mynd 16. Tengsl við ofbeldismenn

Á mynd 16 kemur fram að 480 ofbeldismenn höfðu beitt 264 einstaklinga sem leituðu til Stígamóta árið 2012 ofbeldi. Eins og áður hefur verið nefnt er vel hugsanlegt að sumir ofbeldismennirnir séu tví- eða jafnvel margtaldir. Önnur skýring á þessum fjölda ofbeldismanna er að á árinu voru 24 hópnauðganir til umfjöllunar hjá Stígamótum og að í sumum tilfellum er um fleiri en einn ofbeldismann að ræða og þá um aðskilin ofbeldisverk. Myndin sýnir tengsl einstaklinga sem orðið hafa fyrir ofbeldi við ofbeldismenn. Tölur og hlutföll í myndinni miðast við fjölda ofbeldismanna (480). Ástæða er til að vekja athygli á því að aðeins 18,5% ofbeldismannanna sem nefndir voru árið 2012 voru ókunnugir þeim sem þeir beittu ofbeldinu og um 70,5% ofbeldismannanna voru tengdir þeim sem þeir beittu ofbeldinu fjölskylduböndum eða voru vinir eða kunningjar þeirra. Gamla goðsögnin um að konum og börnum stafi mest hætta af kynferðisofbeldi ókunnugra fær því ekki staðist.

Tafla 15a/b) Samanburður milli ára frá árinu 2008

15a) Sifjaspell

Sifjaspell	2008	2009	2010	2011	2012	
Faðir/stjúpfaðir	20,8%	20,5%	23,1%	14,3%	23,8%	30
Móðir/stjúpmóðir	1,3%	1,6%	0,0%	0,0%	4,0%	5
Giftur inn í fjölskylduna	5,8%	5,7%	2,9%	3,4%	2,4%	3
Bróðir/stjúpbroðir	8,4%	18,9%	14,4%	13,4%	13,5%	17
Systir/stjúpsystir	0,6%	0,0%	0,0%	0,0%	1,6%	2
Frændi/frænka**	25,3%	21,3%	25,0%	26,9%	12,7%	16
Afi	7,8%	3,3%	6,7%	11,8%	7,9%	10
Amma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Maki	0,6%	0,8%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Fjölskylduvinur	8,4%	10,7%	6,7%	10,1%	11,1%	14
Umsjónaraðili utan fjölskyldunnar	3,2%	4,9%	2,9%	4,2%	1,6%	2
Vinur/kunningi	10,4%	7,4%	10,6%	5,0%	9,5%	12
Vinnuveitandi/yfirmaður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Samstarfsmaður***	0,0%	0,0%	0,0%	0,8%	0,0%	0
Ókunnugur	2,6%	2,5%	1,0%	2,5%	3,2%	4
Annar/önnur	3,9%	2,5%	6,7%	6,7%	4,8%	6
Fagaðili	0,6%	0,0%	0,0%	0,8%	4,0%	5
Óvíst	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Fjöldi	154	122	104	119	126	

** Í flokknum frændi/frænka eru 2 frænkur og 37 frændur árið 2008, 4 frænkur og 22 frændur árið 2009, 24 frændur og 2 frænkur árið 2010, árið 2011 voru 31 frændi og 1 frænka og árið 2012 var 1 frænka og 15 frændur.

*** Ekki var spurt um samstarfsmenn árið 2009 og ef um slík tengsl er að ræða það ár geta þeir fallið í hópinn vinnuveitandi/yfirmaður eða annar/önnur, allt eftir skilgreiningu og túlkun viðkomandi svaranda.

15b) Nauðgun

Nauðgun	2008	2009	2010	2011	2012	
Faðir/stjúpfaðir	0,6%	1,9%	1,4%	2,6%	0,5%	1
Móðir/stjúpmóðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Giftur inn í fjölskylduna	0,6%	1,9%	0,0%	1,0%	0,5%	1
Bróðir/stjúpróðir	0,0%	2,6%	0,0%	0,5%	0,0%	0
Systir/stjúpsystir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Frændi/frænka**	0,6%	3,2%	0,7%	2,6%	0,5%	1
Afi	0,6%	0,0%	0,0%	1,0%	0,0%	0
Amma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Maki	12,1%	11,5%	16,4%	18,5%	15,4%	33
Fjölskylduvinur	3,8%	1,9%	2,7%	2,1%	3,7%	8
Umsjónaraðili utan fjölskyldunnar	0,6%	0,6%	0,0%	0,0%	0,5%	1
Vinur/kunningi	49,7%	39,1%	43,8%	34,9%	44,9%	96
Vinnuveitandi/yfirmaður	0,0%	1,3%	0,7%	1,5%	0,5%	1
Samstarfsmaður***	3,8%	0,0%	0,0%	1,5%	1,4%	3
Ókunnugur	23,6%	29,5%	30,1%	26,7%	27,1%	58
Annar/önnur	3,8%	5,8%	3,4%	5,6%	3,7%	8
Fagaðili	0,0%	0,6%	0,7%	1,5%	1,4%	3
Óvíst	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Fjöldi	157	156	146	195	214	

** Í flokknum frændi/frænka eru 1 frændi og engar frænkur.

*** Ekki var spurt um samstarfsmenn árið 2009 og ef um slík tengsl er að ræða það ár geta þeir fallið í hópinn vinnuveitandi/yfirmaður eða annar/önnur, allt eftir skilgreiningu og túlkun viðkomandi svaranda.

Í töflum 15a og 15b eru tengsl ofbeldismanna við einstaklingana borin saman eftir sifjaspellum og árum annars vegar og nauðgunum og árum hins vegar.

Mikilvægt er að taka fram hér að fjöldi ofbeldisbrota í töflum 15a og 15b er ekki sambærilegur við ástæður þess að leitað er til Stígamóta, sem sýndar eru í töflu 6, þar sem þær upplýsingar byggja á komuskýrslum brotaþola (264) en hér eru upplýsingar fengnar úr skýrslum um ofbeldismenn (480). Til dæmis getur verið að brotaþoli merki við "nauðgun" sem ástæðu þess að leitað var til Stígamóta og telst það sem ein ástæða en viðkomandi brotaþoli hefur svo kannski verið nauðgað af tveimur ofbeldismönnum og teljast þær þá sem tvær nauðganir í töflunum hér yfir tengsl ofbeldismanna. Þá byggist fjöldi ofbeldismanna í töflum 15a og 15b eingöngu á því þegar upplýsingar lágu fyrir um bæði tengsl og tegund ofbeldis, þannig að ef upplýsingar vantaði um annað hvort tegund ofbeldis og/eða tengsl ofbeldismanns við brotaþola, þá teljast þeir ekki með í þessum töflum. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga.

Eins og sést í töflu 15 a voru um 64,3% ofbeldismanna tengdir þeim sem þeir beittu ofbeldi fjölskylduböndum. Tafla 15 b sýnir að um 60,3% ofbeldismanna voru makar, vinir eða kunningjar þeirra sem þeir beittu ofbeldinu.

Tafla 16. Hefur brotaþoli rætt ofbeldið við ofbeldismanninn?


	Fjöldi	Hlutfall
Nei	348	72,5%
Já	92	19,2%
Óvist	22	4,6%
Uppl. vantar	18	3,8%
Alls	480	100%

Tafla 16 sýnir að fáir hafa rætt ofbeldið við ofbeldismann eða 19,2%. Þessar niðurstöður eru svipaðar og kom fram í árskýrslum frá árunum 2010 og 2011.

Tafla 17. Svör ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Viðurkenndi ofbeldið	20	26,0%
Hafnaði ofbeldinu	33	42,9%
Kenndi mér um ofbeldið	12	15,6%
Ekki viss	12	15,6%
Alls	77	100%

Tafla 17 sýnir að í um 58,5% tilfella þar sem brotaþoli hafði rætt ofbeldið við ofbeldismanninn og gefið svar við því hvernig ofbeldismaður brást við, kenndi ofbeldismaður brotaþolanum um ofbeldið eða hafnaði því alfarið.

**Mynd 17. Hvað gerði ofbeldismaðurinn til að tryggja þögn brotaþola?**

Myndin hér að ofan á við um allar birtingarmyndir ofbeldis. Hlutfallið á við fjölda ofbeldismanna (480) en samanlagt hlutfall verður hærra en 100% þar sem stundum var merkt við fleiri en eitt atriði. Af þeim 480 ofbeldismönnum sem miðað er við í mynd 17 vantaði upplýsingar frá 48 (10%).

Tafla 18. Samanburður milli nauðgana og sífjaspella

	Sífjaspell	Nauðgun
Gerði ekkert sérstakt	48,8%	39,4%
Gaf gjafir/mútaði	16,3%	3,5%
Kenndi mér um ofbeldið	14,6%	19,2%
Notaði hótanir	22,8%	27,3%
Beitti líkamlegu ofbeldi	5,7%	26,8%
Annað	4,1%	11,1%
Ekki viss	9,8%	9,1%

Ef skoðað er sérstaklega hvernig þessum þætti er háttað í nauðgunar- og sífjaspellsmálum kemur í ljós að nokkur munur er á aðferðum ofbeldismanna við að tryggja þögn brotaþola. Þar ber sérstaklega að nefna að um 16,3% þeirra sem beita sífjaspellum nota gjafir eða múta brotaþolum en eingöngu 3,5% þeirra sem nauðga. Fjöldi þeirra sem beittu sífjaspellum og merkt var við hvort og þá hvað þeir gerðu til að tryggja þögn brotaþola er 123 og þeirra sem nauðguðu og merkt var við hvort og þá hvað þeir gerðu til að tryggja þögn

brotaþola er 198. Þessar upplýsingar byggja á skýrslum um ofbeldismenn og er ekki hægt að bera þessar tölur saman við ástæður þess að leitað var til Stígamóta.

Tafla 19. Fjöldi ofbeldismanna fyrir hvern brotaþola

	Fjöldi	Hlutfall
1 ofbeldismaður	150	56,8%
2 ofbeldismenn	51	19,3%
3 ofbeldismenn	23	8,7%
4 ofbeldismenn	14	5,3%
5 ofbeldismenn	4	1,5%
6 ofbeldismenn	5	1,9%
7 ofbeldismenn	3	1,1%
8 ofbeldismenn	1	0,4%
9 ofbeldismenn	2	0,8%
10 ofbeldismenn	1	0,4%
Upplýsingar vantar	10	3,8%
Alls	264	100%


Tafla 19 sýnir hve margir ofbeldismenn höfðu beitt brotaþola ofbeldi. Eins og sjá má var í kringum 39,4% tilfella um fleiri en einn ofbeldismann að ræða. Þessar niðurstöður eru svipaðar þeim niðurstöðum sem fram komu í árskýrslum árána 2009 til 2011.

Í töflu 19 kemur fram að í 7 tilfellum eru allt að 7 eða fleiri ofbeldismenn sem hafa beitt sama einstakling ofbeldi. Stundum getur verið um að ræða að tveir eða fleiri beiti ofbeldi á sama tíma eða tímabili en stundum geta það verið aðskilin atvik og/eða tímabil sem um ræðir.

Kærð mál

Tafla 20. Kært til lögreglu?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	388	80,8%
Já	46	9,6%
Óvist	5	1,0%
Merkt við fleiri en eitt atriði	1	0,2%
Uppl. vantar	40	8,3%
Alls	480	100%



Mynd 18. Kært til lögreglu

Af þeim málum sem til Stígamóta bárust árið 2012 vitum við að 9,6% komust til opinberra aðila og eru það svipaðar niðurstöður og þær sem fram komu árskýrslum árána 2009 til 2011. Ástæðurnar fyrir því að mál eru ekki kærð eru margar. Mál eru oft fyrnd þegar þau berast Stígamótum. Algengt er líka að fólk treystir sér ekki í gegnum yfirheyrslur og hefur ekki trú á að það nái fram rétti sínum fyrir dómstólum. Enn önnur skýring og e.t.v. algengari en marga grunar er að þau sem beitt eru kynbundnu ofbeldi eru svo þjökuð af skömm, sektarkennd og lélegri sjálfsmynd að þau treysta sér ekki til þess að kæra og finnst þau jafnvel bera ábyrgð á ofbeldinu sjálf, annað hvort að hluta eða alveg. Þannig kom fram í könnun sem gerð var af Hildigunni Magnúsdóttur og Katrínu Erlingsdóttur árið 2006 að um 85% þeirra sem leituðu til Stígamóta nefndu skömm sem ástæðu fyrir að kæra ekki og að 75% kvenna sem hafði verið nauðgað litu svo á að nauðgunin hefði verið þeim sjálfum að kenna.

Fordómar og staðalímyndir

Í gegnum árin hafa ýmsar staðalímyndir og goðsagnir um kynferðisofbeldi verið áberandi í umræðunni. Sumar þessara goðsagna eru til þess fallnar að setja ábyrgðina á ofbeldinu á þá sem því eru beittir og draga úr ábyrgð ofbeldismanna. Það er hins vegar augljóst frá sjónarhorni Stígamóta að það er alltaf einn ábyrgur aðili í kynferðisbrotum en það er sá sem ofbeldinu beitir. Þá hafa einnig komið fram ýmsir fordómar á undanförunum árum, meðal annars um þjóðerni ofbeldismanna og kynhneigð þeirra sem beittir eru ofbeldi. Árið 2008 voru sett ný atriði inn í spurningalista notenda Stígamóta í þeim tilgangi að afla upplýsinga um þá þætti sem gætu snert einhverja af þessum fordómum og goðsögnum. Hér á eftir má sjá niðurstöður þessara spurninga fyrir árið 2012.

Tafla 21. Fjöldi ofbeldismanna undir áhrifum áfengis- eða annarra vímuefna þegar ofbeldið var framið

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	186	38,8%
Já	116	24,2%
Stundum	56	11,7%
Óvíst	101	21,0%
Merkt við fleiri en eitt atriði	1	0,2%
Uppl. vantar	20	4,2%
Alls	480	100%

Eins og sjá má í töflu 21 kemur fram að um 38,8% ofbeldismanna voru ekki undir áhrifum áfengis/vímuefna og 11,7% voru það stundum og stundum ekki (í slíkum tilfellum beitti ofbeldismaðurinn brotþola ofbeldi oftár en einu sinni).

Tafla 22. Samanburður á því hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið, flokkað eftir sifjaspellum annars vegar og nauðgunum hins vegar

	Sifjaspell		Nauðgun	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Nei	83	64,8%	57	27,0%
Já	13	10,2%	75	35,5%
Stundum	14	10,9%	21	10,0%
Óvíst	18	14,1%	57	27,0%
Upplýsingar vantar	0	0,0%	1	0,5%
Alls	128	100%	211	100%

Eins og tafla 22 sýnir voru 10,2% þeirra sem beittu sifjaspellum undir áhrifum vímuegjafa og um 10,9% voru það stundum. Af þeim sem nauðguðu voru 35,5% undir áhrifum og 10% voru það stundum.

Tafla 23. Þjóðerni ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Íslenskur	330	68,8%
Frá Evrópu	29	6,0%
Utan Evrópu	34	7,1%
Blandað þjóðerni	2	0,4%
Óvíst, uppl. vantar	85	17,7%
Alls	480	100%

Undanfarin ár hefur borið á þeirri umræðu að íslenskum konum stafi mest hættu af erlendum mönnum sem koma hingað til lands. Eins og sést á töflu 23 eru flestir ofbeldismennirnir íslenskir eða 68,8%. Hafa verður þó í huga að upplýsingar vantar í um 17,7% tilfella. Þessi tafla sýnir svipaðar niðurstöður og fram komu í ársskýrslum árána 2009 til 2011.

Tafla 24. Hefur brotþoli beitt aðra kynferðisofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	243	92,0%
Já	4	1,5%
Ekki viss	7	2,7%
Upplýsingar vantar	10	3,8%
Alls	264	100%

Ein lífseig goðsögn sem gengið hefur í gegnum tíðina er að þeir sem séu beittir kynferðisofbeldi, beiti síðar á ævinni aðra slíku ofbeldi. Í kringum 92% þeirra sem komu til Stígamóta árin 2009 til 2012 höfðu ekki beitt aðra kynferðisofbeldi. Hins vegar er mikilvægt að muna að þetta er erfíð spurning og án efa eru einhverjar skuggatölur hér. Þessar niðurstöður gefa ákveðnar vísbendingar þó ekki sé hægt að alhæfa út frá þeim.

Tafla 25. Varstu undir áhrifum áfengis og/eða annarra vímuefna þegar ofbeldið framið?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	99	37,5%
Já	55	20,8%
Stundum	38	14,4%
Var barn (á ekki við)	59	22,3%
Ekki viss	3	1,1%
Upplýsingar vantar	10	3,8%
Alls	264	100%

Eins og sést í töflu 25 voru 37,5 % brotþola ekki undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna þegar ofbeldið var framið. Hafa verður í huga að í 22,3% tilfella var um börn að ræða. Stígamót ítreka að þó að einstaklingur sé drukkinn þegar honum er nauðgað ber hann ekki ábyrgð á ofbeldinu og það er engin réttlætning á því ofbeldi sem hann er beittur.

Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn

Árið 2012 var heildarfjöldi ofbeldismanna 504. Eins og fram hefur komið eru sumir ofbeldismannanna mögulega taldir oftar en einu sinni. Hér ber að ítreka að þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um alla þá ofbeldismenn sem taldir voru á árinu, byggja eftirfarandi tölur 26-29 á þeim 480 skýrslum sem fylltar voru út af brotapolum um ofbeldismennina.

Tafla 26. Kyn ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Karl	422	87,9%
Kona	27	5,6%
Upplýsingar vantar	31	6,5%
Alls	480	100%

Eins og fyrri ár, eru langflestir ofbeldismennirnir karlar eða um 87,9% og er það í samræmi við flestar tölur um ofbeldismenn kynferðis ofbeldis.

Tafla 27. Aldur ofbeldismanna þegar ofbeldið var framið

	Fjöldi	Hlutfall
10 ára eða yngri	11	2,3%
11 - 13 ára	18	3,8%
14 - 17 ára	57	11,9%
18 - 29 ára	179	37,3%
30 - 39 ára	82	17,1%
40 - 49 ára	37	7,7%
50 - 59 ára	18	3,8%
60 - 69 ára	10	2,1%
Ekki viss	47	9,8%
Merkt við fleiri en eitt atriði	2	0,4%
Upplýsingar vantar	19	4,0%
Alls	480	100%

Tafla 27 sýnir að flestir ofbeldismenn eru á aldrinum 18-39 ára eða um 54,4%. Árið 2012 voru 86 ofbeldismenn undir 18 ára aldri eða um 18% ofbeldismanna. Þessi tafla sýnir svipaðar niðurstöður og komu fram í árskýrslum árunum 2009 til 2011.

Tafla 28. Hjúskaparstaða ofbeldismannsins þegar hann beitti ofbeldinu

	Fjöldi	Hlutfall
Barn (á ekki við)*	41	8,5%
Einhleyp(ur)	116	24,2%
Í sambandi	44	9,2%
Í sambúð/hjúskap	141	29,4%
Fráskilin(n)/slitið sambúð	9	1,9%
Ekkja/ekkill	1	0,2%
Ekki viss	119	24,8%
Merkt við fleiri en 1 atriði	1	0,2%
Upplýsingar vantar	8	1,7%
Alls	480	100%

Í töflu 28 er miðað við hjúskaparstöðu ofbeldismanns þegar hann beitti ofbeldi í fyrsta skiptið. Um 38,6 % ofbeldismanna voru í sambandi eða sambúð/hjúskap þegar þeir beittu ofbeldinu. Þetta eru svipaða niðurstöður og fram kom í árskýrslum árunum 2009 til 2011.

*Fjöldi ofbeldismanna hér er ekki sá sami og fjöldi ofbeldismanna undir 18 ára og skýrist mismunurinn á því að í sumum tilfellum skilgreindi brotapol hjúskaparstöðu ofbeldismanns á unglingsaldri, stundum "einhleypur" og stundum "í sambandi".

Tafla 29. Hefur ofbeldismaðurinn beitt aðra kynferðisofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	31	6,5%
Já	82	17,1%
Óvíst	345	71,9%
Upplýsingar vantar	22	4,6%
Alls	480	100%

Eitt af því sem spurt er um í spurningalistum um ofbeldismenn er hvort brotþoli viti til þess að ofbeldismaður hafi beitt aðra kynferðisofbeldi. Eins og gefur að skilja eru margir sem ekki geta svarað þeirri spurningu. Þó er vitað að 17,1% ofbeldismannanna hafa beitt aðra kynferðisofbeldi. Það er í samræmi við aðrar upplýsingar sem liggja fyrir um að kynferðisbrotamenn séu líklegir til að beita fleiri en eina manneskju ofbeldi og oftar en einu sinni.

Aðstandendur

Árið 2008 voru í fyrsta skiptið notaðir sérstakir spurningalistar fyrir aðstandendur sem leituðu aðstoðar hjá Stígamótum. Eins og fram hefur komið, er þetta gert í þeim tilgangi að fá betri mynd af þeim hópi notenda. Það hefur í gegnum árin verið aukning á því að aðstandendur nýti sér þjónustu Stígamóta. Heildarfjöldi aðstandenda árið 2012 voru 58 einstaklingar og byggja allar upplýsingar í þessum kafla á þeim fjölda. Árið 2011 var heildarfjöldi aðstandenda 68, og hefur fjöldi einstaklinga fækkað um 14% milli árana 2011 og 2012.

Tafla 30. Er brotþoli sjálfur í viðtölum hjá Stígamótum

	Fjöldi	Hlutfall
nei	24	41,4%
já	28	48,3%
upplýsingar vantar	6	10,3%
Alls	58	100%

Í 24 tilfellum þar sem aðstandendur leituðu til Stígamóta höfðu brotþolarnir sjálfir ekki leitað aðstoðar. Fram til ársins 2007 fóru slík mál inn í talningu nýrra mála þar sem ekki voru sérstakir spurningalistar fyrir aðstandendur. Frá árinu 2008 voru notaðir sérstakir spurningalistar fyrir aðstandendur.

Tafla 31a/b. Aðstandandi hvers kom í viðtal og hvernig eru tengslin?

31a) Aðstandandi:

	Fjöldi	Hlutfall
Brotþola	50	86,2%
Ofbeldismanns	2	3,4%
Beggja	6	10,3%
Alls	58	100%

31b) Tengsl aðstandanda:

	Fjöldi	Hlutfall
Foreldri	29	50,0%
Maki	16	27,6%
Frænka/frændi	1	1,7%
Vinur/vinkona	1	1,7%
Barn (afkomandi)	4	6,9%
Systkini	5	8,6%
Merkt við fleiri en eitt atriði	1	1,7%
Upplýsingar vantar	1	1,7%
Alls	58	100%

Í töflum 31 a og b sést að flestir aðstandendur eru tengdir brotþola en 10,3% eru þó tengdir bæði brotþola og ofbeldismanni. Meirihluti þeirra aðstandenda sem komu til Stígamóta voru foreldrar og makar, eða um 77,6%. Samskonar niðurstöður komu einnig fram í árskýrslu frá árunum 2009 til 2011.

Tafla 32. Kyn aðstandenda


	Fjöldi	Hlutfall
Karl	22	37,9%
Kona	36	62,1%
Alls	58	100%

Eins og sést í töflu 32 kemur fram að meirihluti aðstandenda, sem leituðu til Stígamóta árið 2012 voru konur. Þetta eru samskonar niðurstöður og komu fram í ársskýrslum fyrir árið 2009 til 2011.

Tafla 33. Form ofbeldis sem brotaþoli var beittur

	Fjöldi	Hlutfall
Sifjaspell	31	45,6%
Nauðgun	27	39,7%
Kynferðisleg áreitni	6	8,8%
Annað	2	2,9%
Ekki viss	2	2,9%
Alls	68	100%

Tafla 33 sýnir það form ofbeldis sem brotaþoli lenti í og aðstandandi leitar til stígamóta vegna. Taflan sýnir að flestir leita til Stígamóta vegna sifjaspells eða nauðgunar sem aðstandandi þeirra upplifði, eða um 85,3%. Oft hefur fólk lent í fleiri en einu formi ofbeldis. Þess vegna eru ástæður komu fleiri en einstaklingarnir (58).



Mynd 19. Til hvaða fagaðila hefur aðstandandi leitað til áður varðandi ofbeldið?

Það er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi á þessari mynd er meiri en fjöldi einstaklinga (58) þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði. Hlutfallið miðast við heildarfjölda aðstandanda (58). Athyglisvert er að meirihluti eða 67,2% þeirra aðstandanda sem leituðu til Stígamóta árið 2012 höfðu ekki leitað til fagaðila vegna ofbeldisins áður en þeir komu á Stígamót, þetta eru svipaðar niðurstöður og komu fram í ársskýrslu Stígamóta fyrir árið 2011.

**„Hún er glóandi – æf. Tryllt – lifandi?
Með langa handleggi og er þannig
fær um að vera gerandi í eigin lífi.“**

Mynd og texti eftir konu sem stundað hafði
væandi og nýtti sér þjónustu Stígamóta



Hverfisgötu 115, 105 Reykjavík | Símar: 562 6868 og 800 6868

Þjónustusími fyrir konur í kynlífsiðnaði: 800 5353

Bréfsími: 562 6857 | Netfang stigamot@stigamot.is | Vefsíða: www.stigamot.is